

Við skógareigendur

2. tbl. • 6. árg. • Nóvember 2012



Meðal efnis í blaðinu:

Átak í gerð brunavarnaáætlana á Norðurlandi • Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda • Beitar skógar • Húsgagnagerð úr skógarrefni
Hefur þéttleiki við gróðursetningu áhrif á skógræktarskilyrði? • Jólamarkaður Barra • Fræðsluþing skógarbænda • Ný heimasíða www.skogarbondi.is
Skógarferð til Skotlands • Smávegis af skjólskógum á Vestfjörðum

Skógrækt til framtíðar

Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra

Undanfarin ár hafa verið góð fyrir vöxt skóga landsins. Viðá sést aukin útbreiðsla og þróttur náttúrulegu birkiskóganna og vaxandi gróðuráhuugi undanfarinna áratuga er sífellt betur að koma í ljós.

Í haust tók Umhverfissráðuneytið við nýjum verkefnum þegar stofnað var Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Við það færðust málefni skógræktar, sem undanfarin ár hafa verið á forræði tveggja ráðuneyta, öll yfir í nýtt ráðuneyti.

Skógræktarfolk um allt land hefur kallað eftir slíkum breytingum en ég bind vonir við að þær verði til þess að samræma skógræktarstarf í landinu og geri það markvissara. Í kjölfar þessara breytinga hef ég heimsótt fjögur af fimm landshlutaverkefnum til að kynnst starfseminni; Suðurlandsskóga og Héraðs- og Austurlandsskóga, Norðurlandsskóga og Vesturlandsskóga. Þetta hafa verið ánægjulegar heimsóknir og mikilvægt að hitta starfsfolk og skógarbændur og kynnst þeirra viðfangsefnum.

Á síðasta ári hófst vinna við endurskoðun skógræktarlaganna enda núverandi lög frá 1955 um margt úrelt. Ég skipaði vinnuhóp undir stjórn Valgerðar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga til að hefja vinnu við endurskoðunina með það að markmiði að efla og skýra stöðu skógræktar í landinu. Nefndin skilaði tillögum sínum um inntak nýrra skógræktarlaga nú í sumar og var greinargerð nefndarinnar sett til kynningar á vef ráðuneytisins síðsumars. Greinargerðin, ásamt þeim umsögnum sem um hana bárust, er meðal annars hugsuð til að stuðla að frekari umræðu og stefnumótun fyrir gerð lagafrumvarps til nýrra skógræktarlaga.



Þá voru nýlega samþykkt lög um loftslagsmál, sem ætlað er að mynda ramma um loftslagsmál á heildstæðan hátt. Eignarhald einstaklinga á losunarheimildum eða bindingareiningum er þar ekki til umfjöllunar, né heldur innleiðing á neinu því sem breytir eða rýrir hagsmuni skógareigenda á nokkurn hátt. Þarna er fyrst og fremst verið að leggja grunn að regluverki sem styrkir stöðu loftslagsað-

gerða stjórnvalda, þar með talið skógræktarinnar. Kolefnisbinding er ríkur þáttur í loftslagsbókhalði Íslands og er það á hendi opinberra aðila hér eftir sem hingað til að halda skráningunni til haga. Engin breyting hefur átt sér stað í þessu efni.

Það eru mikil sóknarfæri fölgín í því að skógræktarverkefni og Skógrækt ríkisins eru nú komin undir sama hatt. Ég legg mikla áherslu á mikilvægi þess að samhæfa og skerpa á markmiðum skógræktarstarfsins í landinu og hlakka til samstarfs við skógar-eigendur um allt land.




SAMVINNA - ÞEKING - ÁRANGUR

Í byrjun október sl. var haldinn 17. aðalfundur Landssamtaka skógar- eigenda. Það var Félag skógarbænda á Vestfjörðum sem sá um undirbúning og framkvæmd fundarins, sem haldinn var á Ísafirði að þessu sinni. Umgjörð fundarins, veðrið og viðmót heimamanna gerði það að verkum að fundurinn fór vel fram og skilur eftir ljúfar minningar þeirra sem hann sóttu.

Eins og undanfarin ár var fundurinn fjölmennur og mörg mál, stór sem smá, voru lögð fyrir fundinn. Erfitt er að leggja mat á hvaða tillögur standa upp úr hvað mikilvægi snertir. En ef horfa á til lengri tíma þá má segja að stefnumótun LSE til ársins 2022 sé eitt af mikil- vægari málum fundarins sem samþykkt voru. Þar er lagt á ráðin með framtíðarsýn Landssamtaka skógar- eigenda undir kjörorðunum Samvinna - Þekking - Árangur.

Í markmiðum samtakanna kemur fram að skógrækt skuli vera viðurkennd búgrein sem skilar arði. Hún á að vera sjálfstæð atvinnu- grein sem þróar fjölbreyttan skógariðnað m.a. með því að bestu kvæmi og tegundir verði ávallt notaðar til ræktunar. Sömuleiðis kemur fram að samhliða timburskógrækt verði stunduð umfangsmikil skjólbeltarækt, landbótaskógrækt, jólatrjárækt, berja- og ávaxtarækt ásamt öðrum ábatasömum búskap í skógi. Þessi markmið eru háleitt, en ekki óraunhæf.

Það hlýtur að vera áhugavert fyrir almenning að sjá svo unga atvinnugrein, sem nytjaskógrækt er, setja fram heildstæða fram-



tíðarsýn á skýran, en einfaldan hátt. Að þróa fjölbreyttan skógariðnað með áherslu á markaðsdrifna skógrækt er ekki hrist fram úr erminni á einni nóttu. Það tekur áraraðir og áratugi að ná þangað sem stefnt er. Það er því mikilvægt að horfa langt fram á veginn. Þannig eru meiri líkur á að ná megi árangri í því sem verið er að gera.

Stefnumörkuninni er dreift með þessu blaði, en þeir sem vilja fá fleiri eintök er bent á að hafa samband á póstfangið bjorn@sudskogur.is.

Björn Bjarnald Jónsson

Frá ritstjóra

Á næsta ári verða liðin 25 ár frá stofnun fyrsta félags skógarbænda í landinu, Félags skógarbænda á Héraði sem var stofnað 3. maí 1988. Á fyrstu árum félagsins vann félagið að undirbúningi Héraðsskóga- verkefnisins sem er undanfari landshlutaverkefnanna í skógrækt. Í afmælisritinu „Náttúruauðlind nýrra tíma“ sem var tekið saman af Skúla Birni Gunnarssyni og gefið út í tilefni af 25 ára afmæli Fljótsdalsáætlunar. Á blaðsíðu 31 í því riti er að finna markmið og stefnu sem Héraðsskógum var sett í upphafi og er hún eftirfarandi: „Markmið Héraðsskóga er með ræktun nytjaskóga að stuðla að þróun og viðhaldi byggðar á Fljótsdalshéraði. Þannig er verkefnið bæði byggða- og skógræktarverkefni. Skógana skal rækta í landi bænda og annarra landeigenda á svæðinu. Skulu þeir vera í umsjón landeigenda og tekjugjafi þeirra í framtíðinni. Rækta skal fjölnytja- skóga, með mismunandi trjátegundum, með viðurframléiðslu að aðalmarkmiði en möguleika til fleiri nytja og hvarvetna til landbóta. Héraðsskógar eru stjórnar- og skipulagningaraðili við uppbyggingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem sjálfstæðrar atvinnugreinar meðal bænda. Stefna Héraðsskóga er að færa alla verkþætti út í sveitirnar. Markmið og stefna Héraðsskóga er einnig að hvetja til smáðnaðar í samvinnu við heimamenn og leita að atvinnutækifærum í tengslum við skógrækt. Í því sambandi má nefna:

- Þjónustu við ferðamenn
- Bætt skilyrði til korn- og grænmetisræktunar
- Iðnað í formi minjagripaframléiðslu og fínsmíði úr íslenskum víði svo og annarra smíðisgripa
- Framleiðslu eldiviðar og víðar til reykningar
- Ræktun jólatrjáa og skjólbelta
- Nýtingu skógarhlunninda eins og sveppa- og berjatínslu.“

Þetta eru þau markmið og stefna sem sett voru á oddinn á upphafs- árum Félags skógarbænda á Héraði, sem birtist svo sem markmið og stefna Héraðsskóga. Árið 2009 var nafni félagsins breytt í Félag skógarbænda á Austurlandi. Gaman væri ef stjórnvöld og for- ystumenn skógargeirans létu gera úttekt á því hvernig til hefur tekist að framfylgja þessu og hver árangurinn er á tuttugasta og fimmta ári Félags skógarbænda á Austurlandi.

Jóhann F. Þórhallsson, Brekkugerði Fljótsdal.

Fagraðstefna skógræktargeirans verður haldin á Hallormsstað dagana 19.-21. mars 2013.

Þema ráðstefnunnar að þessu sinni
er „Umhirða ungskóga“.

Nánar auglýst síðar.



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Útgefandi: LSE (Landssamtök skógar- eigenda)

Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.

Upplag: 1.200

Ábyrgðarmaður og ritstjóri: Jóhann F. Þórhallsson

Ritnefnd: Jóhann F. Þórhallsson, Björn B. Jónsson, Helgi

Þorsteinsson, Björgvin Eggertsson og María Jónhansdóttir

Ljósmynd á forsiðu: Björgvin Eggertsson

Myndir með greinum eru eftir höfunda nema annað sé tekið fram.

Senn fer að birta

Björn Bjarndal Jónsson framkvæmdastjóri Sls

Færsla landshlutaverkefna í skógrækt milli ráðuneyta er orðin staðreynd og tilheyrir verkefnin nú Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Er því öll ríkisstyrkt skógrækt í landinu nú undir sama ráðuneyti, sem ber að fagna. Í öllum þeim darraðardansi og stöðugum niðurskurði til skógræktar frá árinu 2006 er mikilvægt að þessi nýja atvinnugrein fái að vinna þétt með þeim fagstofnunum og öðrum opinberum aðilum sem að uppbyggingu greinarinnar koma. Á það hefur skort síðustu árin og ber að fagna enn og aftur að nú er búið að sameina alla krafa greinarinnar undir eitt ráðuneyti.

Ekki er hugmyndin að fjalla sérstaklega um þann samdrátt sem átt hefur sér stað og komið fram í minnkandi gróðursetningum undanfarin ár. En nú standa yfir útboð á trjáplöntum fyrir Suðurlandsskóga og er staðreyndin sú að plöntuframleiðsla fyrir verkefnið er komin niður í sama plöntufjölda og var á upphafsárum þess. Fram hjá þessu verður ekki horft og hljóta allir sem sjá nytjaskógrækt sem vænlega búgrein til framtíðar, að spyrja sig spurninga hvert við stefnum. Því verður ekki svarað hér, frekar verður horft til framtíðar og til þess sem verið er að gera í dag og verður skógrækt til framdráttar þegar fram líða stundir.

Margt spennandi er á döfinni í íslenskri skógrækt og er hægt að flokka mörg verkefni Suðurlandsskóga þar undir. Ekki er tækifæri í þessari stuttu grein að fjalla um allt sem er verið að vinna að, en þó skulu nefnd hér nokkur dæmi.

Nú á haustdögum fór af stað, þriðja árið í röð, verkefni sem Listaháskóli Íslands og Suðurlandsskógar vinna saman að og er kallað „Stefnumót skógarbænda og hönnuða“. Verkefnið er frumkvöðlaverkefni í þágu atvinnulífsins, þar sem tvær stéttir eru leiddar saman til að skapa nýjar afurðir. Lögð er áhersla í þessu verkefni á vörðhönnun úr skógarnytjum. Á hverju ári eru valdar þrjár skógarjarðir sem nemendur skipta á milli sín og heimsækja viðkomandi skógarbónda í samvinnu um þetta verkefni. Í lokin verður til afurð sem er síðan á valdi bónda og hönnuðar að meta hvort verði unnið með áfram allt til markaðssetningar. Þetta verkefni með Listaháskóla Íslands er gefandi í alla staði og verður vonandi til þess að augu okkar opnast fyrir nýjum möguleikum sem íslenskir skógar geta gefið af sér.

Nýjar vinnureglur um notkun alaskalúpínu hjá Suðurlandsskógum hafa verið teknar í notkun. Hér eftir verður það regla, að þar sem Suðurlandsskógar koma að undirbúningi á ræktun skóga, takmarkast notkun alaskalúpínu við samningsbundin svæði sem um gilda ræktunaráætlanir. Með þessu móti getur skógarbóndi treyst því að faglega hefur verið unnið að úttekt og ákvörðunartöku um notkun á lúpínu á völdum svæðum í væntanlegri skógrækt. Markmiðið með

þessum vinnureglum er að nota lúpínuna eingöngu til jarðvegsbóta og áburðar fyrir trjáplöntur og auka þannig árangur í skógrækt.

Síðustu árin hefur verið unnið markvisst að því að finna nýjar leiðir til að draga úr notkun tilbúins áburðar og nota þess í stað lífrænan áburð. Aðallega hefur kjötmjöl verið skoðað í þessu sambandi. Ef okkur lánast að finna leið til að nota þennan áburð eða annan sambærilegan lífrænan áburð, þá mun það spara fjármuni og auk þess gera afurðir skóganna til framtíðar að hreinum náttúruafurðum. Það er því mikilvægt að vel takist til í þessum efnum.

Eitt af vandamálum í skógrækt er hætta á vor- og sumarfrostum. Jón Þór Birgisson meistaranemi við Lbhf er í sínu lokaverkefni að þróa landfræðilegt líkan sem á að gefa til kynna líkur á frosthættu með tilliti til lifunar skógarplantna fyrst eftir gróðursetningu og einnig til vaxtar trjágróðurs yfir lengra æviskeið. Þetta verður unnið í landfræðilegum upplýsingakerfum og síðan verða notaðar vettvangsmælingar til að sannreyna líkanið. Gerðar verða hitamælingar sem lýsa hitafari eftir landslagi og síðan er markmiðið að búa til líkan sem sýnir þá staði í landslaginu þar sem hætta er á að frostpollar myndist. Þetta verkefni er dæmi um verkefni sem unnið er að í skógrækt og Suðurlandsskógar koma að. En þessu tengt, þá er einnig farið af stað með verkefni sem er ætlað að sannreyna hækkan hita með ræktun skjólbelta. Fyrstu niðurstöður úr því verkefni verða birtar í vetur.

Skógar á Suðurlandi eru í góðum vexti. Þrátt fyrir þurrkasumur, ertuyglufaraldrar, grasvandamál og frostskaða í ungsjógi, þá hafa skógar sjaldan eða aldrei vaxið betur. Því er aðallega hægt að þakka hækkan hitastigi á vaxtartíma trjáanna. Þótt illa hafi árað síðustu ár hvað varðar fjármagn til greinarinnar þá er hægt að horfa björtum augum til framtíðar þegar horft er á árangur í skógrækt, sem mun að lokum skila sér í skilningi ráðamanna á nauðsyn þess að skapa auðlind sem gefur af sér innlent hráefni. Þegar það gerist, þá fer að birta á nýjan leik.



SKRIFSTOFUÞJÓNUSTA AUSTURLANDS

Egilsstöðum Borgarfirði Seyðisfirði Reyðarfirði

www.skrifa.is

Átak í gerð brunavarnaáætlana á Norðurlandi

Valgerður Jónsdóttir

Hættan á skógareldum eykst stöðugt, eftir því sem flatarmál skóga í landinu eykst. Skógarbændur eru margir hverjir orðnir uggandi vegna þessarar hættu þar sem verðmæti skóganna er mikið og erfitt er að tryggja skóg gegn bruna, nema gegn verulega háum iðgjöldum. Það er því til mikils að vinna fyrir skógarbændur að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að eldur breiðist út í skóginum.

Skógrækt fylgir gjarnan tímabundin beitarfriðun og sína í landinu eykst snögglega þar sem land er sæmilega frjótt. Þegar skógurinn vex upp eykst eldsmaturinn enn frekar og eftir grísjun getur orðið mjög mikill eldsmatur í skógarbotninum. Gróðureldar í skóglausu landi verða oftast litlir og valda sjaldan alvarlegum skemmdum á gróðri. Skógareldar geta hins vegar skaðað skógin verulega og jafnvel eytt honum á stórum svæðum og orðið mun hættulegri en þeir sinueldar sem við eigum að venjast á Íslandi hingað til.

Starfsmenn Norðurlandsskóga hófu á árinu átak um gerð áætlana um brunavarnir allra jarða í Norðurlandsskógum. Verkefnið snýr að því að kortleggja hættuna á sinueldi eða skógareldi, meta hvernig hægt er að bregðast við ef eldur kemur upp og loks skoða leiðir til úrbóta, annað hvort til að fyrirbyggja að eldur komi upp eða geta slökkt eða stöðvað útbreiðslu elds ef slíkt gerist. Lykilatriði við að stöðva eld eða komast að til að slökkva eld eru vegir og slóðar. Vinnan við eldvarnaráætlun nýtist því mjög vel til að skrá núverandi vegi og slóða og gera áætlanir um fjölgun slóða á svæðinu. Haldnir voru fundir í öllum sýslum starfssvæðisins í vor þar sem skógar-



bændur voru fræddir um eldvarnir í skógi. Fulltrúar slökkviliða á hverjum stað tóku þátt í fundunum og komu með margar verðmætar ábendingar. Í framhaldinu voru öllum skógarbændum sendar loftmyndir með leiðbeiningum um hvernig merkja skyldi inn þau atriði sem þurfa að vera í slíkri áætlun. Allir slóðar og vegir eru flokkaðir eftir því hvernig umferð þeir þola og einnig eru merktir inn vatnstökustaðir, svæði með miklum eldsmat, mögulegar brunahindranir, mannvirki og annað sem þarf að verja sérstaklega. Einnig eru skógarbændur beðnir um að merkja inn þá staði sem þeir telja líklegast að eldur kvikni og hvaða tæki og búnaður er til slökkvistarfs á bænum og í næsta nágrenni, t.d. haugsugur sem geta nýst vel við slökkvistarf. Starfsmenn Norðurlandsskóga fara svo yfir þessar upplýsingar með skógarbændum og gera áætlun um mögulegar úrbætur. Í vetur verða svo gerðar brunavarnaáætlanir eftir þeim gögnum sem skógarbændur hafa skilað inn. Áætlanirnar verða unnar í samstarfi við slökkviliðið og síðan sendar skógarbændum og slökkviliðum á hverju svæði.

Nemendur Grænni skóga II á Suður- og Vesturlandi hafa lokið námi á sex árum við Lbhí

Sumarið 2012 var síðasta námskeiðið í þriggja ára námskeiðaröð haldið. Á þessum þremur árum hafa verið haldin tólf námskeið til skiptis á Suður- og Vesturlandi. Einnig var farið í námsferð í danska Landbúnaðarháskólann þar sem nemendur fengu fyrirlestra og þeim var sýnt í vettvangsferðum hvernig danskir bændur standa að sínum skógarrekstri. Nokkur námskeiðanna sem kennd voru á námskeiðaröðinni höfðu ekki verið kennd áður þannig að nemendur urðu stundum fórnarlömb heilmikillar námsþróunar þeirra kennara sem komu að kennslunni. Kennararnir voru allir sérfræðingar á sínu sviði og leystu námskeiðin fagmannlega af hendi. Námskeiðin hafa vaxið og dafnað í takt við þá þróun sem átt hefur sér stað. Síðasta námskeiðið hét Akurskógrækt og var kennt af íslenskum sérfræðingum og einnig kom sænskur fyrirlesari að námskeiðinu. Þegar yfir lauk höfðu nemendur stundað nám í Grænni skógum í samtals sex ár hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, því allir þurftu að vera búnir með Grænni skóga I áður en þau gátu byrjað á Grænni skógum II. Meðfylgjandi er mynd frá útskrift þessa langlangskólagengna hóps við skólann.

Björgvin Eggertsson



Á myndinni má sjá hópinn ásamt Björgvin Eggertssyni verkefnisstjóra Grænni skóga og Guðmundi Sigurðssyni svæðisstjóra hjá Vesturlandsskógum.

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda

Helgi Þorsteinsson skógarbóndi

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda var að þessu sinni haldinn á Ísafirði 5.-6. október síðastliðinn. Það er óhætt að segja að náttúran hafi skartað sínu fegursta, skógurinn í haustlitum, lognstilla á fjörðum og selir, skarfar og ernir sáust í haustbliðunni. Fallett andrúmsloft fyrir aðalfund.

BRÝNT AÐ RÁÐA MANN Í FULLT STARF

Edda Björnsdóttir formaður og Björn Bj. Jónsson framkvæmdastjóri LSE sögðu frá því helsta sem samtökin hafa haft á sinni könnu síðastliðið ár. Þau nefndu meðal annars kraftmikið starf félaganna um allt land og það að Jónsmessan væri að festa sig í sessi sem tími skógarbænda með hátíðum víða um land m.a. Skógardagurinn mikli á Austurlandi. Mikil gróska er í úrvinnslumálum enda fellur nú til talsvert efni úr skóginum og mun rannsóknarstöðin á Mógilsá meta og kortleggja grisjunarþörfina. Grisjunaráttak er unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, unnið er að vörubróun með Listaháskóla Íslands og hugmyndir eru um að vinna frekar með íslenskum hönnuðum um úrvinnslu úr íslenskum viði. Edda ræddi um ný lög um loftslagsmál og taldi margt í þeim þarfnast frekari skýringa. Hvað sem líður orðalagi laganna sagði hún að skógarbændur hvikuðu ekki frá því að kolefnisbinding í skógi sé eign skógarbænda enda timbrið sem verður til í skóginum að mestu bundið upp af kolefni. Ljóst er að verkefni Landssamtakanna verða æ viðameiri. Fjöldi erinda berast sem þarf að bregðast við, alþjóðasamstarf vex og ljóst að mikil þörf er á því að Landssamtök skógareigenda hafi bolmagn til að hafa starfsmann í fullu starfi.

RÁÐUNEYTIÐ BÝÐUR TIL VIÐRÆÐNA UM LOFTSLAGSMÁL

Jón Geir Pétursson sérfræðingur í Umhverfisráðuneytinu flutti fundinum kveðjur Svandísar Svavarsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, sem forfallaðist á síðustu stundu. Hann sagði mikla grósku vera í íslenskum skógum og veruleg skógarauðlind væri að verða til. Verið er að endurskoða skógræktarlög og með tilflutningi landshlutaverkefnanna undir nýstofnað ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála sé öll skógrækt í landinu undir einu ráðuneyti. Jón gerði nýleg lög um loftslagsmál að umræðuefni og taldi hann þá umræðu sem fór af stað meðal skógarbænda ekki að öllu leyti á rökum reista. Lögum sé ætlað að mynda ramma um loftslagsmál



Frá aðalfundi.

í landinu og fullyrti Jón að ekkert í lögum þessum rýri hagsmuni skógarbænda og bauð skógareigendum til fundar við ráðuneytið til að ræða þessi mál og eyða misskilningi.

JÁRNBLENDIÐ VILL KAUPA ÍSLENSKAN VIÐ

Jón Loftsson skógræktarstjóri ræddi m.a. um vaxandi skógarauðlind sem kallaði á mikla grisjun á næstu árum og við það félli til mikill víður sem koma þyrfti í verð. Þegar rætt er um afurðir skóganna sér almenningur gjarnan fyrir sér borðvið en staðreyndin er sú að meirihluti timburs í heiminum er kurlaður til ýmissa nota. Hann sagði frá tilraunaverkefni Skógræktarinnar og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga þar sem íslenskur víður er notaður sem kolefnisgjafi í framleiðsluna. Árangurinn er ævintýrlegur og nú er svo komið að verksmiðjan vill kaupa allan fánlegan íslenskan víð. Skógræktarstjóri gerði að umtalsefni niðurskurð á fjárveitingum til landshlutaverkefnanna og lýsti áhyggjum sínum yfir því að það hefti nýliðun í verkefnunum þar sem unga fólk fengi ekki nýja samninga.

MARGAR TILLÖGUR UM KOLEFNISBINDINGU

Fjöl margar tillögur og ályktanir lágu fyrir fundinum bæði frá einstökum félögum og einstaklingum. Margar þeirra fjölluðu um kolefnisbindingu enda ljóst að skógarbændur óttast að aðrir ætli að eigna sér þau verðmæti skógarins. Fundarmenn vildu vinna þessi mál hratt og voru þessar tillögur um kolefnisbindingu m.a. samþykktar:

Tillaga

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Ísafirði 5. og 6. október 2012, samþykkir að beina því til stjórnar LSE og umhverfis- og auðlindaráðuneytis að skipaður verði vinnuhópur sem fái það hlutverk að fara yfir og skýra betur eignarhald skógareigenda á bindingu kolefnisins í skógi og jarðvegi.

Sérstaklega skal horfa til nýrra laga nr. 70/2012 um loftslagsmál í þessu sambandi.

Vinnuhópurinn hafi allar tillögur sem lagðar voru fram á aðalfundi LSE sem vinnuþlög og skili niðurstöðum fyrir 1. febrúar 2013.“

Tillaga

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Ísafirði 5. og 6. október 2012, samþykkir að fela stjórn LSE að kalla stjórnir aðildarfélaganna til fundar, eigi síðar en 1. apríl 2013, um niðurstöður vinnuhóps um kolefnismál þegar niðurstöður hans liggja fyrir til að ákveða framhald málsins fram að aðalfundi LSE 2013.“

Tillaga

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Ísafirði 5. og 6. október 2012, samþykkir að stjórn LSE verði falið að kanna og mynda bærar markað innanlands um losunarheimildir á koldíoxíði með umhverfis- og auðlindaráðuneyti f.h. skógareigenda. Stefnt er að því að vinnu við málið verði lokið 1. maí 2013.“

VELKOMIN Í SKÓGINN

Nokkrar umræður urðu um með hvaða hætti skógarbændur gætu verið sýnilegir. Þeirri hugmynd var kastað fram að merkja bæi sem taka þátt í landshlutaverkefnunum vegfarendum og skógræktendum til upplýsinga. Tillaga kom fram um að LSE í samstarfi við bændur

sem það kjósa, geri áningastaði og/eða grillstaði fyrir ferðafólk í skógum sínum þar sem koma mætti fyrir upplýsingaskiltum sem skapaði jákvæða ímynd fyrir skógarbændur.

Tillaga

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Ísafirði 5. og 6. október 2012, beinir því til stjórnar LSE að hún vinni að samræmdu verkefni þar sem skógarbændur og LSE bjóða landsmenn velkomna í skógana okkar.“

Að undanfögnu hefur verið unnið að stefnumörkun fyrir samtökin og fyrir fundinum lá stefnumótun 2012-2022 undir kjörorðunum „Samvinna – Þekking – Árangur.“ Stefnumörkunin verður litprentuð og dreift sértaklega.

Undir lok fundarins kvaddi Guðni Guðmundsson á Þverlæk sér hljóðs og fór með vísur sem urðu til á fundinum.

Ég tré og greinar saga, saxa
stórskógurinn birtist senn.
Þeir sem í skóginum bjástra, baxa
er best að þeir séu timburmenn.

Framlög niður stjórnvöld skera
skógarbænda þyngist róður.
Í skóginum gríðarmargt að gera
þó gauli garnir og léttist sjóður.

Að aðalfundarstörfum loknum fengu fundarmenn leiðsögn um Ísafjarðarbæ og þáðu veitingar í boði Vestfirðinga í fallegu skógar-rjóðri í jaðri bæjarins. Að kvöldi laugardagsins var síðan árshátíð skógarbænda á Hótel Ísafirði sem tókst hið besta og eiga Vestfirðingar miklar þakkir skyldar fyrir móttökurnar. Næsti aðalfundur verður á Suðurlandi að ári.



Akralind 4 201 Kópavogi sími 544-4656, fax 544-4657, www.mhg.is



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



Beitarskógar

Arnín Óladóttir skógfræðingur

Enn einu sinni hafa blásið upp umræður um sauðfjárbætur og skógrækt. Sauðfjárbændur og skógræktendur standa andspænis hvor öðrum gráir fyrir járnnum og skilja má af málflutningnum að þetta tvennt geti engan veginn farið saman. En ekki má gleyma því að flestir skógar heimsins eru beittir, aðallega af villtum grasbitum svo sem dádýrum. Mikilvægt þykir að stjórna því hversu umfangsmikil þessi beit er svo að skógarnir nái að endurnýja sig og einnig er fylgst með fjölda beitardýra og gefin út veiðileyfi í samræmi við markmiðið um heilbrigðan dýrastofn og varanlega skógarþekju. Víða hafa skógræktendur einnig þurft að setja upp girðingar til að hefta för þessara dýra á meðan skógurinn endurnýjar sig á tilteknum svæðum, eða gróðursetja miðað við afföll af völdum beitar villtra dýra. Almennt séð eru dýr talin eðlilegur hluti skóganna og afföll af þeirra völdum eins óhjákvæmileg og frost- eða vindskemmdir.

Við skógræktendur vitum að það er tóm mál að tala um að rækta nýskóga nema friða svæðin alfarið fyrir beit á meðan skógurinn kemst á legg – upp fyrir það sem sauðkindin nær. En marga fýsir að nýta svæðin betur þá áratugi sem á eftir fara. Nýleg hrakviðri hafa einnig beint huga manna að kostum þess að sauðfé geti sótt í snjólétt skjólið í skógunum.

Síðustu áratugin hafa bændur og skógræktarstofnanir víða um heim unnið saman að rannsóknum um hvernig megi best nýta beitina í skógunum og hvaða áhrif beitin hefur á trjávöxt. Sérstaklega er athyglisvert fyrir okkur að skoða rannsóknir í norðurhluta Bandaríkjanna.

Hér er aðeins dregið á það helsta.

Beitarskógar geta annað hvort verið gisnir skógar þar sem undirgróðurinn er meira og minna jafn um allan skóginn, eins og eftir grisjun, eða skógar með opnum rjóðrum og þéttum lundum á milli. Laufþekja skal að hámarki vera 30-50% til að undirgróður nái að þrífast vel.

Trjátegundir sem hafa djúpar rætur eru betri í beitarskóga þar sem þær eru ekki í samkeppni við grasið. Gras hefur mjög grunnar rætur og tekur næringu sína að mestu úr efstu 10 cm jarðvegsins.

Beitin minnkar sinusöfnun, eykur umsetningu næringarefna og þar með vöxt trjáanna. Minni sína minnkar einnig hættu á eldsvoða.

Greinaklipping til að fá hreinan kvistalítinn stofn hefur mjög jákvæð áhrif á vöxt beitargróðurs og umferð beitardýra.

Í sumum tilfellum er borinn eilítill tilbúinn áburður á undirgróðurinn til að efla beitarþol og oft er smára sáð í svörðinn í sama tilgangi. Lauffall úr skóginum þjónar líka sem áburður á undirgróðurinn og lítills háttar áburður að vori getur flýtt niðurbroti laufanna.



Gróður í skógarbotni.

Skjólið í skóginum eykur vellíðan og vöxt búpenings.

Skógar þurfa að vera af ákveðinni lágmarksstærð svo að þeir fyllist ekki af snjó í fyrsta byl. Innan við skógarjaðarinn, ystu 15-20 metrana, eru skógarnir að jafnaði snjóléttir.

Við þyrftum að kynna okkur erlendar rannsóknir á þessu sviði og hvernig megi aðlagja niðurstöður þeirra að íslenskum aðstæðum. Rannsaka þarf hvenær skógarnir eru orðnir nógu gisnir til að beitargróður nái sér vel á strik, hversu mikla beit skógarnir þola og á hvaða tíma, hvernig hæfileg beit í skógum getur þjónað best vinnuferli sauðfjárbóndans, hvort það væri til bóta að sá grasi inn í skógana eftir grisjun og þá hvaða tegundum og hvaða áhrif þetta hafi allt saman á trjávöxt og timburgæði og svo mætti lengi telja. En góð og sjálfbær landnýting þar sem fara saman árleg kjötframleiðsla og áratuga timburframleiðsla hlýtur að vera áhugaverður kostur.

Fyrir þá sem vilja kynna sér þetta nánar:

<http://nac.unl.edu/silvopasture.htm> og

<http://www.aftaweb.org/silvopasture.php>

Einnig eru hér glærur sem sýna aðalatriðin á aðgengilega hátt: <http://nac.unl.edu/documents/multimedia/presentations/Canned-PowerPoints/Silvopasture2-18-12.ppt>



Ljósmyndir: Jóhann F. Þórhallsson

Húsgagnagerð úr skógarefni

Síðastliðinn vetur auglýsti Endurmenntun LbhÍ námskeið í húsgagnagerð á Suðurlandi. Áhuginn reyndist mikill um allt land og var því ákveðið að bjóða líka upp á námskeið á Vöglum og á Hallormsstað. Nú hafa verið haldin tólf námskeið og ekkert lát virðist á áhuga fólks að búa til eitthvað í höndunum. Fullt hefur verið á öll námskeiðin og nemendur áhugasamir að læra réttu undirstöðuatriðin við gerð einfaldra húsgagna. Kennarar eru þeir Ólafur Oddsson

fræðslufulltrúi Skógræktarinnar og helsta driffjöður í verkefninu. Lesið í skóginna tálgað í tré og Ólafur Sæmundsen skógtæknir sem komið hefur að vinnslu íslensks grisjunarviðar í fjöldamörg ár.

Eftir næstu áramót verða haldin tvö námskeið á Snæfoksstöðum í Grímsnesi og eitt á Hallormsstað.

Skráning og nánari upplýsingar á
www.lbhi.is/forsida/Endurmenntun.



Bilun ungsjóga

Ólöf I. Sigurbjartsdóttir



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Skógarnir á Austurlandi voru vöxtulegir og fallegir í sumar. Eftir erfitt sumar í fyrra var ánægjulegt að horfa á gróskuna nú, þótt vissulega væri vaxtarskilyrðum misst. Ljóst er að einhver afföll hafa orðið á nýgróðursetningum eftir einmuna þurrkatíð sumarsins. Raunar var gróðursetning stöðvuð í lok júní vegna þurrkanna en hafist handa á ný þegar komið var fram á haustið. Gróðursetning þetta árið er 6-700.000 plöntur.

Bilun ungsjóga verður sífellt stærri þáttur í starfsemi HASK. Undanfarin þrjú ár hafa starfsmenn HASK staðið fyrir námskeiðum þar sem farið er yfir aðferðafræðina við umhirðu ungsjóga og þátttakendum fylgt eftir á vettvangi þar sem verklagið er prufað. Þátttaka hefur verið jöfn og góð og sístækkandi er hópur þeirra aðila sem hafa bilun og grisjun að atvinnu sinni stóran hluta ársins.

Misjafnt er eftir tegundum og aðstæðum á hverjum stað hvenær best er að grísa fyrstu grisjun (bila) en almennt má segja að lerkiskóga þurfi að bila á aldrinum 15-20 ára. Á starfssvæðinu er lerkí sú tegund sem mest hefur verið gróðursett af og hefur um 51% hlutdeild. Nýjustu mælingar og rannsóknir styðja og styrkja þá aðferðafræði sem notuð er við bilunina og sýnir á óbyggjandi hátt nauðsyn þess að sinna þessum umhirðuþætti skóganna á réttum tíma. Lerkí hefur meiri vaxtarþrótt í æsku en aðrar tegundir barrtrjáa í íslenskri skógrækt og benda mælingar til að hann fari að dala þegar trén eru á þrítugsaldri. Þess vegna er mjög mikilvægt að nýta hinn mikla vaxtarþrótt lerkisins meðan hann varir.

Fyrir liggur að um 2.000 ha. af lerkiskógi eru komnir á bilunaraldur svo verkefnið er ærin. 2.000 ha. í bilun/grisjun á starfssvæðinu skapa um 40

ársverk og kosta um 300 milljónir. Ótalin er þá vinnan við að koma þeim viði sem til fellur út úr skóginum, vinna úr honum og koma afurðum í verð. Eftirspurn á innanlandsmarkaði hefur verið eftir öllu því timbri sem til fellur í íslenskri skógrækt og hvergi nærri hægt að anna henni.

Landshlutaverkefnið í skógrækt voru flutt á forræði Umhverfis- og auðlindaráðuneytis í byrjun september. Ekki er gott að segja hvort breytingin á eftir að hafa sýnileg áhrif á starfsemi en væntingar okkar standa til þess að nýtt ráðuneyti leggi sitt lóð á vogarskálur þess að efla þessa nýjustu auðlind landsins. Nýjar atvinnugreinar eru viðkvæmar meðan stöðugleika skortir. Lífsspursmál er fyrir plöntuframleiðendur, verktaka og úrvinnsluðnað að sjá stöðugleika og samfellu í skógræktinni sem hægt er að byggja á til framtíðar.

Ólöf I. Sigurbjartsdóttir




Hefur þéttleiki við gróðursetningu áhrif á skógræktarskilyrði?

Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur

Hér verður gerð grein fyrir fyrstu úttekt níu ára gamals rannsóknarverkefnis þar sem áhrif mismunandi upphafspéttleika rússalerkis af kvæminu Imatra voru könnuð á vöxt og trjágæði þess. Úttektin var lokaverkefni höfundar í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í nytjaskógrækt á Íslandi hefur almennt verið talið að upphafspéttleiki við gróðursetningu þurfi að vera mikill, eða á bilinu 3000 – 4000 trjáplöntur á hektara lands. Þetta er mun þéttara en gengur og gerist í gróðursetningum í t.d. Finnlandi og Svíþjóð. Hér hefur hár upphafspéttleiki hins vegar verið talinn nauðsynlegur vegna meiri affalla í byrjun skógræktar og til að tryggja að nægilegur fjöldi trjáa af góðum gæðum standi eftir við lokahögg. Einnig hefur því verið haldið fram að hár upphafspéttleiki sé mikilvægur hér þar sem skógur er ræktaður í skóglausu landi, þar sem skjólið sem plönturnar gefa hver annarri í upphafi vaxtarlotunnar sé forsenda þess að trén nái fljótt góðum vaxtarhraða. Þetta síðasta er þó ekki staðfest með neinum rannsóknum hérlandis svo höfundur sé kunnugt um, þó að það hljómi ekki ótrúlega. Megin markmið þessarar úttektar var því að leita svara við þeirri spurningu hvort upphafspéttleiki við gróðursetningu hafi áhrif á skógræktarskilyrði? Önnur markmið voru að: i) bera saman vaxtarhraða rússalerkis inn eftir Fljótsdalshéraði og ii) hvort upphafspéttleiki hefði áhrif á hlutfall gæðatrjáa í skógi.

voru teknar út fyrir öll lifandi tré: hæð, toppvöxtur, bolþvermál, þvermál sverustu greinar (mat á kvistum), sjáanlegt toppkal, einkunn á bolgæðum og beitarskemmdir. Bólsýni voru einnig tekin til ákvörðunar á viðarþéttleika í rannsóknastofu. Útreiknaðar breytur voru afföll, grunnflötur, hlutfall aukastofna, viðarþéttleiki, standandi viðarrúmmál (m^3/ha bolviðar) og meðalvaxtarhraði (m^3/ha á ári).



2. mynd. Kort af tilraunarstöðum á Fljótsdalshéraði
Kort: ÞJ

HEFUR UPPHAFSPÉTTLEIKI ÁHRIF Á SKÓGRÆKTARSKILYRÐI?



1. mynd. Ljósmyndir teknar á tilraunarstöðum í ágúst 2011. Myndirnar eru í eftirtalinni röð: Litla-Steinsvað, Hjartarstaðir, Sturlufjöt og Mjóanes.

RANNSÓKNIN

LT-verkefnið er langtíma rannsóknarverkefni í skógrækt sem gróðursett var árin 2002 og 2003 í samstarfi Skógræktar ríkisins, Héraðsskóga og Landbúnaðarráðuneytisins á fjórum jörðum niður eftir Fljótsdalshéraði (2. mynd). Jarðirnar voru Sturlufjöt í Fljótsdal, Mjóanes í Skógum, Hjartarstaðir í Eiðapinghá og Litla-Steinsvað í Hróarstungu. Ein blokk með hálfs hektara reitum með hverri meðferð var gróðursett með plöntustaf eða geispu á hverri skógræktarjörð (3. mynd), þegar búið var að flekkja landið, að undanskilinni Sturlufjöt þar sem þar reyndist ekki vera þörf á jarðvinnslu. Í þessari úttekt voru eingöngu bornar saman fjórar meðferðir með misþéttu rússalerki (gróðursett sem 1000, 2000, 3500 eða 5000 tré/ha).

Lagðir voru út þrír 100 m² mælifletir innan hvers ½ hektara meðferðar á hverjum stað, alls 48 mælifletir og eftirfarandi mælibreytur

L ₅₀₀₀	L ₃₅₀₀	L ₂₀₀₀	L ₁₀₀₀	Fjöldi reita í blokk 15 Fjöldi blokka 4 Fjöldi reita alls 60
B	L ³⁰ B ³⁰	L ⁷⁵ B ²⁵	L ⁹⁰ B ¹⁰	
G	L ²⁵ G ⁷⁵	L ⁵⁰ G ⁵⁰	L ⁷⁵ G ²⁵	
F	L ³⁰ F ³⁰	L ⁷⁵ F ²⁵		Stærð reita 0,5 ha Nettóstærð blokka 7,5 ha Nettóstærð tilraunar 30 ha


3. mynd: Meðferðir í hverri blokk í LT-tilrauninni á Fljótsdalshéraði. L= rússalerki, G= sitkagreni, B= ilmbjörk, F= stafafura og upphækkaðar tölur tákna hlutfallslega tegundablöndun. Upphafspéttleiki var um 3500 tré/ha, nema annað sé tekið fram með niðurlækkuðum tölum. Notuð var hending til að velja reitum stað innan hverrar blokka.

Helstu niðurstöður þessa verkefnis voru að upphafspéttleiki hafði umtalsverð og marktæk jákvæð áhrif á yfirhæðarvöxt. Að jafnaði jókst yfirhæð lerkisins um 1%, 14% og 15% á milli 1000 og 2000, 3500 og 5000 trjáa reitanna. Þegar raunverulegur þéttleiki í mæliflötum (þ.e. sá þéttleiki sem stóð raunverulega eftir upphafsafföll) var borinn saman við yfirhæð í sömu flötum kom í ljós að það var marktækt jákvætt línulegt samband (4. mynd; Aðhvarf P=0.005;

$r^2 = 0.16$). Þessar tölfræðilegu upplýsingar hér á undan þýða að þéttleikinn útskýrði 16% af breytileikanum í yfirhæð trjáanna í LT-verkefninu og líkurnar á að þetta væri raunverulegt orsakasamband voru meiri en 99,5%.

Til að setja upplýsingarnar í 3. mynd í skiljanlegra samband þá var yfirhæð rússalerkis í LT-verkefninu að jafnaði 185 cm við níu ára aldur þar sem þéttleikinn var 1000 tré/ha, hún hækkaði hinsvegar að jafnaði um 15, 36 og 58 cm þar sem þéttleikinn var 2000, 3500 eða 5000 tré/ha.

Yfirhæð trjáa í skógum segir til um vaxtargetu tegundar og samband yfirhæðar og aldurs er almennt notað til að kortleggja skógræktarskilyrði fyrir trjátegundir erlendis. Þessar niðurstöður má því túlka þannig að hér sé komin sönnun þess að hár upphafspéttleiki við gróðursetningu lerkis bæti vaxtarskilyrði þess á skóglausu landi og auki vaxtarhraða þess marktækt í upphafi vaxtarlotu.




HVAR ÓX LERKIÐ BEST?

Marktækur munur var einnig á yfirhæðarvexti milli rannsóknastaða. Að jafnaði var yfirhæðin mest í Mjóanesi, 2,44 m, en hún var 2,08, 2,00 og 1,67 m á Hjartarstöðum, Sturluflöt og Litla-Steinsvaði. Meðal árlegur rúmmálsvöxtur raðaði sér á sama hátt og yfirhæðarvöxturinn. Þetta hrakti því upphaflega tilgátu höfundar um að vöxtur lerkis yrði betri sem innar drægi á Fljótsdalshéraði (á láglendi). Sá mikli munur sem kom fram í vexti á Hjartarstöðum og Litla-Steinsvaði vekur athygli, en þessir staðir eru stutt frá hvor öðrum (2. mynd). Þetta er í samræmi við niðurstöður Arnórs Snorrasonar á Mógilsá í landsúttekt hans á vexti lerkis. Hann hefur sýnt að álíka mikill munur getur verið á vexti lerkis innan landssvæða eins og á milli þeirra. Þetta segir okkur að ekki er hægt að meta vaxtarskilyrði yfir stór samfelld landssvæði, heldur verður að gera það á minni skala, þar sem nærviðri getur haft mikil áhrif á hverjum stað.

ÁHRIF UPPHAFSPÉTTLEIKA Á HLUTFALL GALLALAUSRA TRJÁA

Á 5. mynd má sjá hlutfall gallalausra trjáa (A-trjáa) í LT-tilrauninni, en það var fremur lágt, eða á bilinu 0-11% af standandi trjám á mæliflötum. Ekki reyndist vera neitt afgerandi samband á milli upphafspéttleika og trjágæða í þessari úttekt. Það virðist því ekki sem upphafspéttleiki sé neinn ráðandi þáttur í hlutfalli A-trjáa hjá rússalerki samkvæmt þessari rannsókn. Niðurstöðurnar um lágt hlutfall A-trjáa eru (því miður) í góðu samræmi við úttekt Agnesar Brár Birgisdóttur á ungum lerkiskógum á Fljótsdalshéraði sem hún vann sem meistaraverkefni í skógræði frá Landbúnaðarháskólanum að Ási í Noregi.



LOKAORÐ

Í nytjaskógrækt skiptir höfuðmáli hver upphafskostnaður er og hver afrakstur skógræktarinnar verður á endanum. Mikill upphafspéttleiki kallar á meiri umhirðu og kostnað áður en grisjanir fara að standa undir sér; jákvæð áhrif hærri upphafspéttleika þurfa því að gera meira en vega upp þann aukna kostnað sem skógar eigandi verður að leggja út yfir vaxtarlotuna vegna hans.

Í þessu BS-verkefni var áherslan lögð á hver áhrif upphafspéttleika voru á fyrstu níu árum eftir gróðursetningu. Í rauninni eiga áhrifin á upphafspéttleika sennilega eftir að aukast og nýir þættir gætu komið í ljós þegar laufþekjan tekur að lokast og samkeppnin um sólarljós verður meiri. Því má ekki túlka þessar niðurstöður um áhrif upphafspéttleika sem endanleg áhrif á rússalerkiskóga á Fljótsdalshéraði, heldur er nauðsynlegt að halda áfram að fylgjast með LT-verkefninu og læra af því.

Einungis var hér fjallað um helstu niðurstöður þessarar úttektar, en hægt er að nálgast úttektina í heild sinni inni á <http://www.skemman.is>.

ÞAKKIR

Sem höfundur vil ég þakka leiðbeinendum mínum, Bjarna Diðriki Sigurðssyni og Lárusi Heiðarssyni, fyrir að hvetja mig til að gera úttekt á LT-verkefninu að BS-verkefni mínu í skógræði frá LbhÍ. Jafnframt vil ég þakka skógarbændum fyrir að taka þátt í tilrauninni og fyrir afskaplega ánægjulegt samstarf. Þeir eru Sveinn Ingimarsson á Sturluflöt, Reynir Stefánsson í Mjóanesi, Halldór Sigurðsson á Hjartarstöðum og Pétur Elisson á Litla-Steinsvaði. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem komu að verkefni þessu með einum eða öðrum hætti.



JÓLAMARKAÐUR



Hugmyndin að jólamarkaði í Barra kviknaði haustið 2006 í viðtölum við starfsmenn Skógræktar ríkisins á Hallormsstað. Ástæðan var sú að það vantaði sölustað innandyra fyrir jólatré og greinar á Egilsstöðum eftir að eigendur að versluninni Blómabæ höfðu ákveðið að hætta rekstri. Ákveðið var að hafa samband við þá skógareigendur sem gætu selt jólatré úr sínum skógum. Hugmyndin var að trén yrðu upprunamerkt þ.e.a.s. að kaupandinn gæti valið framleiðanda.

Fyrsta árið voru seld 50 tré frá fjórum skógareigendum en megin uppistaðan í sölnunni var á trjám, greinum og könglum frá Hallormsstað. Það skapaðist strax ákveðin stemming í kringum þennan dag og kom í ljós að íbúar sem bjuggu í næsta nágrenni við gróðrarstöðina höfðu aldrei komið inn í gróðurhúsið.

Næsta ár var ákveðið að auka umfang markaðarins með aðkomu Félags skógarbænda. Opnað var á að fólk úr nærumhverfinu gæti komið og sett upp sína sölubása til að selja varning framleiddan á svæðinu. Settar voru upp keppnir í hver verkaði besta hangikjötið, um fallegustu laufabrauðskökuna og fleira. Þá er kaffi- og vöflusala kvenfélagsins í Hróarstungu, rússasúpan í boði Barra hf, ketil-kaffi í boði Félags skógarbænda ásamt umgjörðinni um markaðinn það sem skapar skemmtilega jólastemmingu. Áætlað var að það hafi komið milli 5-700 manns á svæðið þennan dag.

Þegar fyrirtækið flutti úr miðbæ Egilsstaða árið 2008 yfir í Valgerðarstaði í Fellum urðu miklar vangaveltur um hvort ætti að halda áfram með markaðinn vegna staðsetningar og fjarlægðar frá miðbænum. Blásið var til fundar og varð endirinn á að sömu aðilar sem standa að „Skógardegnum mikla“ mynduðu hópinn sem stæði fyrir „Jólakettinum í Barra – jólamarkaði“. Þeir sem staðið hafa að markaðnum síðan eru: Barri hf, Félag skógarbænda, Skógrækt ríkisins Hallormsstað og Héraðs- og Austurlandsskógar.

Áhyggjur um fjarlægð frá miðbænum á Egilsstöðum varðandi aðsóknina reyndust ástæðulausar og þetta ár mættu á svæðið hátt í 1200 manns. Fyrir utan þá sem seldu jólatré og greinar þá seldu nærri 30 aðilar ýmsar vörur.

Síðan hefur Jólakötturinn í Barra verið haldinn árlega og hefur vaxið á hverju ári. Í fyrra var sölusvæðið komið í rúmlega 1000 fermetra. Aðsóknin hefur verið frábær, frá 1400 til 2000 manns á þessum fjórum tímum sem markaðurinn er opinn. Auk jólatrjáa sem koma frá skógareigendum á Héraði þá seldu á síðasta ári hátt í 50 aðilar fjölbreytt úrval af fatnaði, gjafavöru, snyrtivörum, hangiket, hákarli, skötu, harðfiski, síld, kökum og margt fleira sem töfrað er fram á heimilum og í fyrirtækjum á Héraði og nágrennabyggðum. Þá er sett upp lítið svið og þaðan eru flutt tónlistaratriði og spiluð tónlist sem hæfir stað og stund.

URINN Í BARRA



Þróun í sölu jólatrjáa hefur orðið þannig að sala trjáa frá skógarbændum hefur aukist.


Árið 2009 náðust samningar um sölu á 340 jólatrjám til Skógræktarfélags Hafnarfjarðar en árið 2010 minnkaði sala niður í 118 tré.

Árið 2011 tókst að selja 342 tré út fyrir svæðið og vonandi tekst að halda þeim markaði áfram. Það veltur fyrst og fremst á að geta afhent góða vöru. Langmikilvægast er að trén hafi góðan lit, séu vel greind og jöfn.

Hér fylgir töflumynd sem er yfirlit yfir sölu jólatrjáa á vegum Barra hf árin 2006 til 2011.



Sala jólatrjáa á vegum Barra hf



Fræðsluþing skógarbænda

Helgi Þorsteinsson

Að venju var haldið fræðsluþingi í tengslum við aðalfund Landsamtaka skógareigenda sem að þessu sinni fór fram á Ísafirði.

PLÖNTUGERÐIR; KOSTIR, GALLAR OG KOSTNAÐUR

Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga fjallaði um plöntugerðir; kosti galla og kostnað. Hún fór yfir þróun plöntubakka síðustu ára en hún hefur verið talsverð. Nú nýverið hafa verið reyndar nýjar gerðir m.a. svokallaðir „minni“ plöntur til að lækka kostnaðinn en í bakkanum, sem er jafn stór um sig og 40 gata, eru 135 plöntur. Norðurlandsskógar settu út tilraun með þessa plöntugerð 2011 sem lofar reyndar ekki sérlega góðu, plönturnar eru mjög litlar en lifunin er ekki síðri en í hefðbundnum plöntum



Hlustað af athygli.

en þörf er á að endurtaka tilraunina. E.t.v. hefði verið ástæða til að prófa frekar svokallaða „powerpott“ bakkagerð sem er með 128 göt en hnausinn er jafn langur og í venjulegum bakka og nær því dýpra niður. Ljóst er að þessar bakkagerðir spara flutningskostnað og auka afköst við plöntun lítillega (5-10%). Tæplega fagna bændur enn einni bakkastærðinni og einhverjir höfðu áhyggjur af því að hnausinn vildi slitna. Margt fleira þarf að skoða, ekki síst hvaða plöntur henta í frjósamt land og ljóst er að litlar bakkaplöntur henta ekki í grasgefið land. Valgerður taldi að verð á plöntum á Íslandi væri lágt og varpaði því fram hvort við værum að leggja of mikla áherslu á verð í stað gæða.

KRAFTMEIRI SKÓGUR

Björn B. Jónsson og Björgvin Eggertsson kynntu verkefnið „Kraftmeiri skógur“ sem miðar að því að auka vöxt skóganna. Verkefnið mun fara af stað á næstu dögum og er kynnt á öðrum stað í blaðinu.

SKJÓLSKÓGAR ÖÐRUVÍSI ÁHERSLUR

Sæmundur Kr. Þorvaldsson framkvæmdastjóri Skjólskóga flutti fyrirlestur sem hann nefndi „Skjólskógar öðruvísi áherslur?“ sem var einkar vel til fundið þar sem þingið var haldið á Vestfjörðum. Verkefnið sem slíkt miðaði ekki endilega að ræktun timburskóga heldur var markmiðið að auka möguleika og arðsemi í hefðbundnum landbúnaði. Í skjóli skóg- og skjólbeltaræktar var ætlunin að lækka

hitunarkostnað, skýla ræktarlandi og búfé, græða land og skapa beitarskóga en á seinni árum hefur í auknum mæli verið hugað að fjölnytjaskógum og stækkun birkiskóga sem talsvert er af á Vestfjörðum. Strax var ljóst að lágur sumarhiti og vindur væru helstu vandamálin þannig að gengið var í það að kortleggja verstu vindáttir fyrir hverja jörð en lítið var hægt að nota af eldri gögnum Veðurstofunnar þar sem staðsetning veðurstöðva fyrri ára miðaði einkum að því að spá fyrir um veður á hafinu. Eftir 1995 hafa síðan komið sjálfvirkar veðurstöðvar inn til landsins sem auðveldar áætlanagerð og að finna vænleg skógræktarsvæði.

Lilja Magnúsdóttir meistaranemi við LbhÍ flutti athyglisvert erindi um helstu svör úr spurningakönnun sem hún lagði fyrir bændur og er hluti verkefnis hennar.

SKJÓLBELTARÆKT OG AKURRÆKT JÓLATRJÁA

Marianne Lyhne lektor við Danska landbúnaðarháskólann flutti tvö erindi á þinginu, annars vegar um akurræktun jólatrjáa og hins vegar um skjólbeltarækt. Með réttu tegundavali og klippingum er hægt að hafa áhrif á skjólbeltin m.t.t. hvaða tilgangi þau eiga að þjóna en þeim er t.d. ætlað að skýla ræktarlandi, hefta sandfok, minnka hávaða, skýla bæði villtum dýrum og búsmala eða mannabyggð. Danir eru stórtækir í jólatrjáarækt og framleiða um 12 milljónir trjáa til útflutnings árlega. Þeir leggja mikið upp úr því að trén séu stöðluð og ná 90-95% nýtingu á ökrum sínum með rétttri umhirðu. Marianne taldi að Íslendingar ættu ekki að reyna að framleiða „dönsk“ tré heldur ættu þeir að markaðssetja nýhöggin íslensk tré sem hafa sín einkenni. Til að ná nýtingu í líkingu við það sem Danir ná þarf að leggja mikla vinnu í klippingar og umhirðu því ef ekki er unnið markvisst getur nýtingin hrapað niður í 40%. Umhirðan skiptir því sköpum um það hvort ræktunin er arðbær. Marianne



Marianne Lyhne, lektor við Danska landbúnaðarháskólann.

fór yfir hverju helst þarf að huga að og sýndi hvernig má bregðast við göllum í trjám. Það þarf að forma tréð en mikilvægast af öllu er að passa að tréð hafi aðeins einn topp, greinarkransa má klippa og venja og með réttum aðferðum má jafnvel laga topplaus tré. Hægt er að fá sérstaka „afréttara“ til að venja tréð en afgangar af rafmagnsvír, vírherðatré úr fatahreinsuninni eða smá spýtur með einangrunarbandi gera sama gagn og kosta lítið. Marianne hvatti menn til að prófa sig áfram og „ekki gera ekki neitt“ því mikið gallað tré er einskis virði sem jólatré.

NÝ HEIMASÍÐA www.skogarbondi.is



Kraftmeiri skógar, ásamt LSE og félögum innan þess og landshlutaverkefni í skógrækt, hafa gert með sér samstarfssamning um heimasíðuna www.skogarbondi.is.

Lénið [skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is) er skráð á Landsamtök skógareigenda (LSE) en er í eigu Kraftmeiri skóga sem sér um og kostar uppsetningu og rekstur síðunnar til ársloka 2014.

Landsamtök skógareigenda (LSE) og landshlutaverkefni í skógrækt taka síðan við rekstri www.skogarbondi.is frá 1. janúar 2015 og gera með sér nánara samkomulag þar um.

Hver aðili sem er þátttakandi í þessari heimasíðu hefur sína undirsíðu á síðunni www.skogarbondi.is.

Dæmi:

Landsamtök skógareigenda www.skogarbondi.is/lse
Félag skógarbænda á Vesturlandi www.skogarbondi.is/lse/fsv
Norðurlandsskógar www.skogarbondi.is/nls

Heimasíðan www.skogarbondi.is verður notuð til að miðla upplýsingum til skógareigenda. Þar verður m.a. að finna:


a. Almennan fróðleik um Kraftmeiri skóga, faglegan fróðleik, upplýsingar um fundi, ráðstefnur og leshópa, ásamt öðru sem snertir verkefnið.

b. Faglegan fróðleik um LHV og annað efni sem hvert verkefni vinnur fyrir sitt heimasvæði.

c. Fróðleik um félagsstarf skógarbændafélaga og LSE.

Heimasíðan er hönnuð af Heimi Óskarssyni grafískum hönnuði og sett upp í WordPress vefumsjónarkerfinu af Vefþjónustunni sf. á Selfossi.

BBJ/BE





www.hotel701.is



HÓTEL ALLORMSSTAÐUR



Veitingastaðir
Tveir veitingastaðir með óborganlegu útsýni yfir Lagarfljót sem bjóða hádegisverð, léttu rétti og „a la carte“ ásamt viðfrægu kvöldverðarhlaðborði alla daga yfir sumarið.



Gisting
Fallega innréttað herbergi, hönnuð með þægindi í huga, taka á móti þér með dásamlegu útsýni og veita þér góða hvíld frá amstri dagsins.



Lindin
Lindin með heitan pott, eka finnska gufu og innfraruða sánu. Prenna sem veitir gestum sínum dásamlega vellíðan.

Upplifun • Þægindi • Vellíðan

www.hotel701.is • hotel701@hotel701.is • 471 2400

Nám skógræktarmanna og kvenna fyrr og nú

Bjarni Diðrik Sigurðsson

prófessor í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands
bjarni@lbhi.is

Íslendingar fóru löngum erlendis til tækni- og háskólanáms tengt skógrækt. Fyrsti Íslendingurinn til að fara í starfsmenntanám í skógrækt var Sigurður Sigurðarson, en hann fór í slíkt nám til Noregs árið 1896 og kom svo að stofnun Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri 1899. Þetta, auk þess sem dansk-íslenska skógræktarfyrtækið „Íslands skovsag“ hóf framkvæmdir sínar hér á landi það ár, er ástæðan fyrir því að jafnan er miðað við árið 1899 sem upphafsár skipulagðrar skógræktar á Íslandi. Sigurður Sigurðarson fór utan aftur til frekara náms í búvísindum og varð síðar búnaðarmálastjóri og rektor á Hólum.


Það var árið 1927 sem fyrsti Íslendingurinn, Þorsteinn Davíðsson, lýkur skógræktartækniþrófi frá skógarakólánum í Steinkjer í Noregi. Fyrsti Íslendingurinn til að ljúka kandidategráðu í skógfræði (námi á háskólastigi) var Hákon Bjarnason, fyrrverandi skógræktarstjóri, en henni lauk hann frá landbúnaðarháskólanum í Danmörku árið 1932, en einnig var hann við nám í Svíþjóð og Bretlandi.

Frá og með þessum tíma hafa alls 69 Íslendingar, eða útlendingar sem starfað hafa við fagið á Íslandi í lengri tíma, lokið grunnnámi í skógræktartækni, skógverkfræði eða skógfræði, eftir því sem höfundur kemst næst.

Norski landbúnaðarháskólinn að Ási í Noregi var löngum vinsælasta menntastofnun Íslendinga á þessu fagsviði (1. mynd), en af þeim 69 sem lokið hafa grunnnámi frá árinu 1927 þá hafa 44% verið í Noregi, 22% við Landbúnaðarháskóla Íslands (2. mynd), 10% í Danmörku og 9% í Finnlandi. Það verður að hafa það í huga að hluti þeirra sem hafa lokið grunnnámi, bæði hér og erlendis, hafa síðan farið í framhaldsnám í öðru landi.

Fyrir utan þessa 69 aðila eru ríflega 40 aðilar til viðbótar sem lokið hafa styttra starfsnámi í skógræktartækni, bæði hér innanlands og erlendis, eða sem hafa lokið rannsóknatengdu framhaldsnámi á sviði skógfræði eftir grunnám á öðru sviði (þ.m.t. höfundur). Heildarfjöldi þeirra sem hafa menntað sig í skógræktartengdum fögum er því kominn á annað hundrað síðan Sigurður Sigurðarson fór í verknám sitt árið 1896.

Lengstum var menntun í tengslum við skógrækt eingöngu sött af karlpeningnum, sem reyndar var alls ekki bundið við Ísland. Fyrsta konan sem höfundi er kunnugt um að hafi lokið námi í skógfræði á háskólastigi var Þórunn Ingólfsdóttir, en hún lauk BS gráðu frá Edinborgarháskóla í Skotlandi árið 1986. Það var sennilega ekki fyrr en 1998, þegar Fanney Dagmar Baldursdóttir lauk prófi frá Statens skogskole í Noregi, að fyrsta íslenska konan lauk grunnnámi í skógræktartækni.



1. mynd. Hvaðan hafa menn lokið grunnnámi í skógræktartækni, skógverkfræði eða skógfræði?




2. mynd. Hluti nemenda í námi í skógfræði og landgræðslubraut árið 2009 í Skorradal með Aðalsteini Sigurgeirssyni frá Mógilsá.

Nám tengt skógrækt á Íslandi á sér orðið talsvert langa sögu. Fyrsta tilraun til að koma á fót slíku námi var hinn merkilegi Skógræktarskóli Skógræktar ríkisins sem var starfræktur á árunum 1952-1962. Árið 2001 hófust síðan hin öfluglu endurmenntunarnámskeið „Grænni skógar“ fyrir skógarbændur, sem enn eru í gangi í sam-

starfi Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl), landshlutaverkefnanna í skógrækt, Skógræktar ríkisins, o.fl. aðila. Árið 2002 hófst einnig starfsmenntanám í skógræktartækni við Garðyrkjuháskóla ríkisins og útskrifaðist fyrsti skógræktartæknirinn þaðan árið 2004. Þetta nám er undir Lbhl frá 2005. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hóf inntöku nemenda í þriggja ára háskólanám til B.S. gráðu í skógræði haustið 2003. Garðyrkjuháskóli ríkisins bauð einnig frá 2004 upp á eins árs diplómanám á háskólastigi í skógræktartækni. Þessar tvær námslínur sameinuðust síðan haustið 2006 í skógræðilínuna við skógræktar- og landgræðslubraut Lbhl, sem hefur árlega útskrifað B.S. skógræðinga frá árinu 2007.

SKÓGRÆÐINÁMIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

Skógræðinámið á Hvanneyri er þriggja ára þverfaglegt grunnnám á háskólastigi til B.S. gráðu og nemendur geta bæði tekið það í staðarnámi eða með fjarnámslausnum. Það er uppbyggt á sambærilegan hátt og B.S. skógræðinámið við aðra háskóla í nágrannalöndunum (3. mynd), en líkist sennilega mest „Skogsvetarprogrammet“ við sænska landbúnaðarháskólann (SLU). Þó eru í því séríslenskar áherslur, eins og áhersla á landgræðslufræði og hönnun og aðlögun skóga að landslagi. Ef önnur nálgun er notuð til að flokka námskeiðin, þ.e. þeim er skipt upp í námskeið sem eru kennd hönnuð fyrir skógræði og landgræðslubraut, þá er skiptingin 65% sérnámskeið og 35% sameiginleg námskeið.



3. mynd. Skipting BS náms í skógræði við Lbhl í mismunandi fagsvið.

Við samanburð á námi ber að hafa það í huga að margir þeir sem fóru erlendis til náms í skógræði fóru yfirleitt í 4-5 ára langt grunnnám, sem þá lauk með kandidateit eða M.S. gráðu, en hér á Íslandi er um að ræða 3 ára grunnnám til BS gráðu. Nú er reyndar verið að breyta uppbyggingu alls háskóla- og tækniskólanáms í nágrannalöndunum í sambærilegt 3 ára nám líkt og er hér á landi, með 2 ára framhaldsnámi (MS). Við Lbhl er ávallt hvatt til þess að nemendur fari erlendis í framhaldsnám eftir nám sitt hérlendis, eða a.m.k. að þeir fari til lengri námsdvalar erlendis ef þeir taka framhaldsnám (rannsóknatengt MS-nám í skógræði) við Lbhl. Nem-

endur frá Lbhl geta fengið ferða- og dvalarstyrki frá háskólanetinu (NOVA) og menntaskiptaáætlun Evrópusambandsins (ERASMUS) til slíkra ferða.

Kennslan í fagnámskeiðum tengdum skógrækt er að hluta framkvæmd af föstum kennurum Lbhl (þau Ása L. Aradóttir, Bjarni D. Sigurðsson, Björgvin Eggertsson, Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir, Halldór Sverrisson, Samson B. Harðarson, Úlfur Óskarsson), auk kennara sem hafa akademískar gestastöður við skólann (Arnór Snorrason og Guðmundur Halldórsson). Langmest af faglegri kennslu fer hinsvegar fram af stundakennurum sem starfa í faginu hér á landi (m.a. hafa Aðalsteinn Sigurgeirsson, Brynhildur Bjarnadóttir, Brynjar Skúlason, Björn Traustason, Böðvar Guðmundsson,



4. mynd. Nemandi í skógræði á keðjusagarnámskeiði.

Edda S. Oddsdóttir, Hallgrímur Indriðason, Hrefna Jóhannesdóttir, Jón Guðmundsson, Ólafur Eggertsson, Rúnar Ísleifsson, Sherry Curl og Valdimar Reynisson kennt talsvert í fagnámskeiðum við skólann), að ótöldum öllum þeim sem koma að leiðbeiningu nemenda í loka-, MS- og doktorsverkefnum. Kennslan er yfirleitt blanda af fyrirlestrum, æfingátímum og verklegri útikennslu. Samtals nemur útikennslan í fagnámskeiðum í skógræði um 38 dögum yfir allt námið, eða um 2 mannmánuðum. Þar fyrir utan má ætla að nemendur þurfi að vinna sjálfstæð verkefni í skógi sem nemur um 2-4 mannmánuðum til viðbótar á meðan á náminu stendur. Nemendur eru jafnframt hvattir til að afla sér hagnýtrar starfsreynslu meðfarm námi og þeir geta fengið slík störf í faggeiranum metin til eininga sem „hagnýta aðferðafræði“.

Af þeim 15 sem lokið hafa BS-gráðu í skógræði frá Lbhl frá 2007 hafa sex þegar farið í framhaldsnám í faginu, bæði erlendis og hér heima.

Alls eru nú 19 manns í BS námi í skógræði við Lbhl, sex í rannsóknatengdu framhaldsnámi og einn nemandi í doktorsnámi á fagsviði skógræði. Kynjahlutfallið er 36% konur og 64% karlmenn. Aldursbil nemenda er breitt, eða frá 21 til 63 ára. Það er náminu til mikils framdráttar að í það hafa sótt bæði fólk sem er hokið af praktískri reynslu úr skógræktargeiranum og jafnvel með annað starfsmennta- eða háskólanám að baki, í bland við ungt fólk sem kemur inn með áhugann einan að vopni.



5. mynd. Nemendur í „Íslandsreisunni“ í heimsókn hjá Jóhanni og Sigrúnu skógarbændum í Brekkugerði á Fljótsdalshéraði sumarið 2011.

Hápunktur námsins að flestra mati er „Íslandsreisan“, en þá fara nemendur hringinn í kringum landið á 8 dögum og reyna að hitta sem flesta sem starfa við geirann (5. mynd). Oftar en ekki hafa nemendur ákveðið lokaverkefni sín í þessari ferð þegar þeir hafa rætt við heimamenn um þau „vandamál“ sem brenna mest á þeim.

Það hafa verið einstök forréttindi að fá að taka þátt í því ævintýri að byggja upp faglegt háskólanám á þessu sviði við LbhÍ og vil ég nota tækifærið að þakka öllum velunnurum brautarinnar þá ómældu

vinnu sem þeir hafa lagt á sig fyrir hana. Í litlu landi eins og Íslandi er það alls ekki sjálfsagt að hægt sé að bjóða upp á nám í skógræði. Ég vil jafnframt nota tækifærið hér og hvetja alla fagaðila til þess að koma til samstarfs við LbhÍ um að þróa nýtt og metnaðarfullt styttra starfsmenntanám í skógræktartækni við Garðyrkjuskólann. Ljóst er að mikil þörf er á slíku námi hérlandis, nú þegar skógarhögg og aðrar verklegar framkvæmdir í eldri skógum eru að taka við af störfum við gróðursetningu sem mannfrekustu framkvæmdirnar í íslenskum skógum.



Vélvæðing í grisjun

Þór Þorfinnsson skógarvörður

Grisjun í skógum landsins hefur þar til nýlega eingöngu verið unnin með keðjusög og útdráttur með viðarspili. Fyrir um áratug komu fyrstu viðarvagnarnir sem tengdir eru aftan í traktora. Með tilkomu þeirra jukust afköst við útkeyrslu til muna. Með aukinni grisjunarþörf á landsvísi hefur þörfin fyrir frekari vélvæðingu enn aukist. Ekki hefur verið nægjanlegt framboð á faglærðum mannafla til grisjunar með keðjusög og engar vísbendingar um að það breytist á komandi árum. Reikna má með aukinni eftirspurn á íslensku timbri í framtíðinni m.a. til iðn- og borðviðarframleiðslu, og verður ekki hjá því komist að skoða kosti vélvæðingar sem eru aukin afköst og lægri kostnaður. Hugsanlega er ekki enn kominn sá tími að fjárfest verði í sérhæfðri grisjunarvél sem kostar nokkra tugi milljóna, en það stýttist í að hann komi.

Síðastliðin ár hafa tveir verktakar á Fljótsdalshéraði unnið á vélum sínum við grisjun í verktöku hjá Skógrækt ríkisins og skógarbændum á Héraði.

Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt í Fljótsdal hefur grisjað með 6 tonna gröfu í nokkur ár vegna hráefnisöflunar í Kurlkyndistöðina á Hallormsstað. Á bómuna er tengdur Naarva fellihaus frá Finnlandi. Fellihausinn er sérhannaður til að fella heil tré með greinum til kurlunnar í kyndistöð. Á fellihausnum eru hnifar sem klippa tréð við rót og armar sem halda við, trén eru síðan lögð í búnt við útkeyrsluslóða. Trén eru keyrð í heilu lagi á timburvagni úr skógi, í stæður til þurrkunar. Sveinn hefur fellt og keyrt út um 1750 m³ af efni vegna kyndistöðvarinnar á Hallormsstað. Til að ná þessu magni voru grisjaðir um 26 hektarar af 28 ára gömlum lerkiskógi.

Einar Örn Guðsteinsson bóndi á Teigabóli í Fellum á 10 tonna gröfu með Keto 51 felli- og afkvistunarhaus frá Finnlandi. Einar hefur grisjað sitkagreni á Vesturlandi og lerki á Héraði með vélinni. Með fellihausnum eru trén felld, afkvistuð og hlutuð í ákveðnar lengdir og bolir lagðir í búnt við skógarlóða til útkeyrslu. Limið er lagt í beltaförin þannig að skemmdum af þeirra völdum er haldið í lágmarki.

Báðir vertakarnir hafa skilað afar góðu verki á Héraði, bæði með tilliti til hagkvæmni og afkasta. Mikilvægt er að báðir höfðu sótt námskeið og unnið við grisjun með keðjusög áður en þeir byrjuðu grisjun með vélum. Þeir kunnu því að grisja og meta hvernig best er að skipuleggja verkefni.

Einn af kostunum við vélgrisjun með þeim vélum sem til eru á Héraði er að þær eru í notkun mest allt árið hjá verktökunum. Yfir sumarið og fram eftir hausti í hefðbundinni verktöku en yfir vetrartímann í grisjun. Góð nýting næst því á ársgrundvelli.

Í nágrannalöndum okkar er 95% af öllum skógi felldur með skógarhöggsvélum. Þegar fram líða stundir og með aukinni grisjunarþörf munu sérhannaðar grisjunarvélar trúlega sjá um grisjun íslenskra skóga.



Timburstæða vegna kyndistöðvar á Hallormsstað.



Útkeyrsla á heiltrjám.



6 tonna grafa með Naarva fellihaus.



10 tonna grafa með Keto51 fellihaus (mynd: Edda S. Oddsdóttir).

Skógarferð til Skotlands

Heiðveig Agnes Helgadóttir skógarbóndi

Þar sem ég sit við tölvuna mína, með snjóinn upp á miðja glugga og horfi á sólina roða austurfjöllin reikar hugurinn til nýliðins sumars.

Þá stóð okkur sem erum í námskeiðsröðinni Grænni skógar til boða að fara til Skotlands að skoða skóga og kynnst starfsemi skógræktar þar.

Við samþýlingarnir á Setbergi ákváðum að nú væri kominn tími á smá frí frá daglegu amstri og skráðum okkur til fararinnar.

Árla morguns þann 7. ágúst mættum við galvösk á Keflavíkurflugvöll. Þegar við vorum lent í Glasgow hittum við hina ferðafélagana og fararstjórnann okkar hana Arnlín. Þar kom í ljós að við vorum héðan og þaðan af landinu um 20 manna hópur í allt, þar af sjö héðan að austan. Þegar Arnlín var búin að ná athygli okkar allra og búin að koma hópnum út í rútu, hittum við hinn skoska Angus sem var bílstjórinn okkar allan tímann.

Eitt það fyrsta sem Arnlín upplýsti okkur um var að það væri lítill kæli í rútnunni sem Angus væri búinn að fylla af bjór og vatni, sem hann væri með til sölu. Nýttu menn sér það svo vel að Angus hafði ekki alltaf undan að fylla á.

Enda veitti ekki af því, við komum sko með sólina með okkur til Skotlands og fylgdi hún okkur allan tímann, en þar var búið að rigna óvenjumikið það sem af var sumri.

Nú þegar allir voru búnir að koma sér vel fyrir í rútnunni var brunað af stað út úr Glasgow í áttina að fyrsta stoppi sem var dásamlegur lítill kastali, sem hefur verið í eigu sömu ættarinnar í margar aldir. Við fengum hádegisverð þar og fengum að skoða okkur um að vild, hvort sem var úti eða inni. Þar hittum við fyrstu skosku trén. Södd og sæl héldum við áfram til Loch Lomond and The Trossachs þjóðgarðsins eins og þetta svæði kallast. Næsta stopp var í David Marshall Lodge Visitor Center þar sem er ævintýraleg aparóla (eins konar kláfur bara ekki með kassa) yfir dalskórning og ýmsar þrautir sem þarf að leysa til komast aftur til baka. Það var alveg sama hvað Arnlín gyllti þetta ævintýri fyrir okkur, enginn lagði í róluna enda menn svefnlitlir og þreyttir. Þarna er mjög skemmtileg gestastofa þar sem hægt er að fylgjast með fuglum á varpstöðvum sínum t.d. haukunum.

Fyrstu nóttina gistum við í tveimur litlum gistihúsum við og í Aberfoyle. Næsta morgun fórum við sem leið lá að Trossachs svæðinu og hittum deildarstjórnann á því svæði Russell Lamont, hann sýndi okkur hvernig skipulag skógræktar er í Skotlandi. Eftir það fórum við um skóginn og hittum skógarhöggsmenn eða réttara sagt stjórnendur skógarhöggsvéla og kynntumst skipulagi við grisjun og plöntun þessa svæðis, þar sem aðaláhersla er lögð á ræktun sitkagrenis til timburframleiðslu. Þarna, eins og á fleiri svæðum í Skotlandi, höfðu óvenjumiklir stormar um veturinn lagt fleiri hektara af skógi, aðalástæðan er hversu jarðgrunnt er alls staðar.

Full af fróðleik, og undirrituð búin að ná sér í sólbrúna, héldum við norður í Hálöndin til Aberfeldy þar sem við gistum í veiðhúsi við ána Tay sem er ein helsta veiðiá þeirra Skotanna. Eftir góðan nætursvefn við niðinn frá ánni var haldið af stað til Dunkeld, til að hitta Charlie Taylor, sem er deildarstjóri á Tay svæðinu eða Big Tree Country. Hann fór með okkur um Craigvinian skóginn þar



Tré við Dunkeld. Talið vera 500-700 ára gamalt og leifar af gríðarmiklum eikarskógi. Ummál þess er um 5,5 m en ekki hægt að staðfesta aldur þess þar sem innsti kjarni trésins er horfinn. Það er með hækjur undir lengstu og neðstu greinunum. Flott tré.

sem hann kynnti fyrir okkur ræktun á lerki, uppruna, sáningu og tilraunir með mismunandi sáningu og grisjun. Síðdeginn eyddum við síðan í Dunkeld, skoðuðum trjágróður og sögustaði í þorpinu. Um kvöldið var elduð dádýrasteik að hætti Steina Pé, sem Arnlín hafði sérpantað beint frá býli. Allir voru alsælir með þennan frábæra



Greinarhöfundur og Arnlín fararstjóri



Hópurinn við kastalann

mat og flott kvöld. Meira segja Skotinn okkar hann Angus var stórhreifinn. Næsta morgun þegar búið var að smyrja nesti til dagsins, var veiðihúsið við ána kvatt með virktum, því nú skyldi haldið til Blackwood of Rannoch (Svartaskóg þeirra Skotanna) einn stærsta og fallegasta skógarfuruskóginn sem þeir eiga óspilltan. Þar hittum við Rob Coope sem er sérfræðingur í verndun náttúruskóga. Hann tólti með okkur um skóginn og kynnti sögu hans, svo var nestið náttúrulega borðað á fallettri hæð. Undirrituð varð heldur betur glöð þegar hún rakst á bláklukkur niður við vatnið Lock Rannoch þar sem við komum niður úr skóginum.

Í lok dags var svo brunað til Pitlochry þar sem við gistum tvær nætur í þremur yndislegum gistihúsum. Um kvöldið dreif hluti hópsins sig í leikhús. Við sáum fína sýningu leikhóps frá London, en það var svo þröngt á milli sætaraða þarna, að við vorum að hugsa um hvort við hefðum þurft að sérpanta sæti fyrir fullvaxið fólk.



Björn með þreyttum skógarhöggsmanni á Grizedale svæðinu

Þá var komið að því að fara á Hálandaleika, við sauðfjárbændurnir urðum voða glaðir þegar við sáum fullt af kindum og dráttarvélum til að skoða, gaman gaman. Þarna var ýmislegt annað til skemmtunar sem ekki verður talið upp hér en seinnipartinn var skoðuð minnsta viskíverksmiðja í Skotlandi. Eftir dásamlega vel útilátinn morgunverð hjá flottu gestgjöfunum okkar í Pitlochry næsta morgun, tók við langur keyrsludagur niður í Vatnahéraðið, Lake District, á Norður-Englandi. Eftir stopp á ýmsum áhugaverðum stöðum á leiðinni komum við til Ambleside sem stendur við Lake Windermere.

Þá var runninn upp síðasti skógarskoðunardagurinn, nú var brunað sem leið lá í Grizedale skóginn (Grisadalsskóginn). Þar byrjuðum við á að aka um skóginn með leiðsögn skógarvarðarins. Svo var endað við höfuðstöðvar skógræktarinnar þarna, þar er svæði með verslunum, veitingahúsum og leiksvæði ásamt aparólu sem ég held að einhverjir hafi prófað. Mikið er af skipulögðum göngu- og hjólræðastígum um svæðið og listaverk úti um allan skóg. Þarna koma um 250-300 þúsund manns ár hvert, eins er um hina skógana sem við fórum í, þeir virðast vera mikið sóttir til útivistar.

Það sem helst vakti athygli mína í þessari ferð var hvað það virðist vera mikið samstarf á milli skógræktar, landeigenda, náttúruverndarsamtaka og umhverfisverndarsamtaka á hverju svæði fyrir sig. T.d. er unnið markvisst að friðun og verndun fugla, spendýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, með því að halda svæðum sem henta hverri tegund óáreitum og jafnvel allt gert til að bæta aðstæður þeirra.

Eins er það með okkur mennina, hvernig skóg viltu koma í? Villtan, vel skipulagðan, skoða listaverk, enda góðan göngutúr á góðum kaffisopa og njóta fagurs útsýnis eða kannski komast í krassandi hjólabraut með háfjallahjólið þitt. Það virðist flest vera í boði og allstaðar eru vel skipulagðir stígar í samræmi við hvern skóg fyrir sig. Annað sem mér fannst athygli vert er að skógarverðir hvers svæðis, sjá um að halda dádýrum og ráðýrum í viðunandi stofnstærð til að vernda skógana.



Stormfall í Grizedale skóginum

Síðasta deginum eyddum við svo í Manchester við búðarráp eða hvað annað sem fólk vildi dunda við.

Þessi ferð tókst í alla staði frábærlega vel, bæði small hópurinn vel saman og fararstjórinn okkar, hún Arnln var frábær. Hún leiddi hópinn eins og besti forystusauður, einstakur viskubrunnur um allt og skipulagið var framúrskarandi gott hjá henni. Ekki má gleyma Angusi, bílstjóranum sem fylgdi okkur allan tímann á 40 manna rútu, sem hann smaug á um hina mjóu vegi Skotlands, alltaf jafn rólegur þrátt fyrir alla aftursætisbílstjórana sem supu hveljur fyrir aftan hann.

Rannsóknastarf Norðurlandsskóga

Rakel J. Jónsdóttir, skógfræðingur hjá Norðurlandsskógum

Ýmsar tilraunir eru í gangi á vegum Norðurlandsskóga sem framkvæmdar eru af starfsfólki en einnig í samstarfi við nemendur sem eru að ljúka námi í skógfræði. Þær tilraunir hafa mikið notagildi fyrir skógræktarstarfið en margar þeirra miða að því að kanna hvernig er hægt að stuðla að betri lifun í nýgróðursetningum og/eða hvort hægt sé að nýta betur það fjármagn sem NLS fær úthlutað. Skógarbændur hafa reynst örlátir á land undir þessar tilraunir og ber að þakka það. Hér á eftir verður það helsta í rannsóknarstarfinu kynnt.

Í Saurbæ í Vatnsdal er í gangi jarðvinnslutilraun sem ætlað er að bera saman nokkrar aðferðir sem nota má til að koma skógi í mjög grasgefin svæði og draga þannig úr afföllum sem eru oft mikil í þessari landgerð. Meðferðarliðir eru m.a. TTS-herfing með og án graseyðingar með Roundup, bæling og endurtekin graseyðing. Einnig er unnið með graseyðinguna eina og sér án jarðvinnslu. Tilraunin var sett af stað vorið 2009, endanlegar niðurstöður eru væntanlegar 2014.



Myndin sýnir meðferðarlið þar sem graseyðing hefur verið endurtekin. Þá er úðað yfir greniplöntur seint að hausti.

Þar sem fjárframlög til landshlutaverkefnanna hafa verið dregin mjög mikið saman á undanförunum árum leita menn allra leiða til að draga úr útgjöldum. Vorið 2011 var sett af stað tilraun með nýja plöntugerð stafafuru og rússalerkis, svokallaðar miniplöntur, sem ættu að reynast ódýrari en hefðbundnar skógarplöntur. Í hverjum bakka miniplantna eru 135 hólfi, hvert hólf 13 cm³. Til viðmiðunar er hvert hólf í 40 gata bakka 93 cm³. Ræktunarlengd í þessum bökkum er aðeins um 8-10 vikur, sáð snemma að vorinu til og gróðursettar sama vor. Yfirvetrunarvandamál eru því úr sögunni fyrir þessa plöntugerð. Vonir eru bundnar við að þessar plöntur sýni viðunandi lifun í jarðunnu landi eða landi þar sem samkeppnisgróður er enginn. Trausti Jóhannsson nemandi í skógfræði við LBHÍ

hefur tekið að sér að vinna úr niðurstöðum tilraunarinnar en hann skilar lokaverkefni vorið 2014.

Verð á tilbúnum áburði hefur hækkað mjög undanfarið og því áhugavert að kanna aðrar leiðir í áburðargjöf. Verið er að kanna hvort kjötmjöl geti komið í stað tilbúns áburðar og hvaða leið er þá best við áburðargjöfina. Einnig var farið af stað með litla tilraun í vor þar sem prófuð var ný tegund áburðar sem Svíar framleiða. Köfnunarefnið í þeim áburði er á formi arginine aminosýrunnar. Áburðurinn hefur þá eiginleika að hægt er að gefa plöntum stóra



Rússalerki miniplanta. Var um 5 cm há við gróðursetningu.

skammta, án þess að valda eitrunaráhrifum, áður en þær fara úr gróðrarstöð. Fyrstu niðurstöður úr þessum tilraunum eru væntanlegar vorið 2013.

Samstarf við Skógrækt ríkisins hófst síðastliðinn vetur um rannsóknir á rússalerki. Þar er m.a. kannað hvaða áhrif rótarkal hefur á vöxt og lifun tegundarinnar. Skemmdir voru framkallaðar á plöntunum með mismikilli frýstingu og þær svo gróðursettar í felttilraun í vor.



Tilraunaplöntur með miskalið rótarkerfi á leið í útplöntun. Plöntur lengst til vinstri voru frýstar niður í -20°C, plöntur lengst til hægri ófrýstar.



Benni við mælingar í Eyjafirði.

Fyrstu niðurstöður þessarar tilraunar sýna að lerki getur sýnt tiltölulega eðlilegan yfirvöxt að vori þó rótarkerfi þess sé kalið. Sú niðurstaða undirstrikar mikilvægi eftirlits með gæðum skógarplantna með því að mæla ratarvaxtarþrótt fyrir afhendingu.

Vorið 2011 var sett út tilraun í Eyjafirði með tíu fjallaþinskvæmum. Tilraunin er gerð í samstarfi við Suðurlandsskóga sem setja sömu kvæmi í tilraunir á þremur stöðum á Suðurlandi. Verið er að leita að hentugu kvæmi til jólatrjáræktunar.

Benjamin Örn Davíðsson lauk meistaraþrófi í skógfræði frá Norska landbúnaðarháskólanum að Ási í Noregi sl. vor. Hann vann

lokaverkefni sitt í samstarfi við NLS, Skógrækt ríkisins, Orkusjóð og Akureyrarbæ en markmið þess var að kanna núverandi og framtíðar viðarmagn rússalerkis og stafafuru á hluta af starfssvæði NLS. NLS styrkir einnig lokaverkefni Else Möller þar sem hún gerir tilraunir með akurræktun jólatrjáa og lokaverkefni Lilju Magnúsdóttur sem hún gerir sjálf skil í þessu blaði.

Í gegnum árin hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á vegum Norðurlandsskóga. Niðurstöður úr þeim má m.a. finna á heimasíðu NLS, www.nls.is og í ársskýrslum.

Kraftmeiri skógur

Verkefnið Kraftmeiri skógur er samstarfsverkefni fimm aðila innan þriggja landa sem taka þátt í LLP endurmenntunaráætlun ESB, The Lifelong Learning Programme 2007-2013, og telst það til yfirfærsluverkefna Leonardo. Þátttakendur eru Landbúnaðarháskóli Íslands, Landssamtök skógareigenda á Íslandi og í Svíþjóð, Landbúnaðarháskólinn í Kaupmannahöfn og Norvik ehf. Grunnhugmynd Kraftmeiri skóga er komin frá verkefninu Krafssamling skog í Svíþjóð sem gekk út á að fræða skógareigendur um hvernig auka mátti vöxt skóganna um 20%. Þar hefur verkefnið verið í gangi í þrjú ár og gengið vel. Hér mun verkefnið taka rúmlega tvö ár. Þessu nýja verkefni er ætlað það



Menntaáætlun Evrópusambandsins



hlutverk að ná til sem flestra skógareigenda á Íslandi með fræðslufundum í öllum landshlutum. Gefið verður út nýtt fræðsluefni sem samræmir þá fræðslu sem fram mun fara. Fræðslan mun að stórum hluta verða jafningjafræðsla sem fer fram bæði innanhúss og eins úti í skógi. Einnig mun hluti verða fræðsla á netinu. Opnuð verður heimasíðan www.skogarbondi.is þar sem hægt verður að fræðast enn frekar um verkefnið. Nokkur skóglendi verða einnig opnuð á landinu og merkt upp fyrir leiðbeinandi fræðslu. Gert er ráð fyrir að flestir skógareigendur á Íslandi verði heimsóttir. Í Svíþjóð hefur verið sagt að „það að vera skógareigandi þýði að þú sért atvinnurekandi. Að reka fyrirtæki er það sama og að keyra bíl. Fyrst af öllu verður þú að ákveða hvert þú ætlar, áður en þú leggur af stað“.

Kraftmeiri skógur mun leggja áherslu á skógrækt sem fjölskyldufyrirtæki sem þarf að hlúa að til að ná árangri. Að hlúa vel að og sinna umhirdu á réttan hátt er oft á tíðum leiðin að hagkvæmri skógrækt. Til þess þarf þekkingu og skilning. Verkefnið Kraftmeiri skógur mun leggja metnað í að skógareigendur fái aukinn skilning á skógrækt og rekstri skógræktar.

Sá sem vill taka þátt í Kraftmeiri skógi getur gert það á marga vegu. Opnuð hefur verið heimasíðan www.skogarbondi.is þar sem skógareigendur geta náð í frekari upplýsingar um verkefnið.

BE/BBE



Smávegis af Skjólस्कógum á Vestfjörðum

Sæmundur Kr. Þorvaldsson framkvæmdastjóri

Árin 2011 og 2012 hafa verið sannkölluð samdráttarár í starfsemi Skjólskóga á Vestfjörðum á öllum sviðum enda hafa fjárveitingar til skógræktar dregist saman um rúmlega 50% frá árinu 2007. Tölur í fjárlagatillögum næsta árs benda því miður ekki til þess að það takist að auka framkvæmdir á næstu árum.

Þessi samdráttur er að sjálfsögðu ekki bundinn við Skjólskóga eina og sem dæmi um áhrif niðurskurðarinnar þá eru stöðugildi starfsfólks landshlutaverkefnanna allra við lok árs 2012, 14,2 en voru 20,4 við árslok 2008.

Það verður því tæpast sagt að vel gangi að treysta faglega grunngerð í uppbyggingu nýrrar auðlindar þegar fagfólki hefur fækkað um 30%. Þetta heitir hrún en ekki „svokallað“ hrún.

Skógarbændum á starfssvæði Skjólskóga hefur ekki fjölgað frá árinu 2010 og eru 52. Framboð á plöntum hefur rétt dugað til þess að bændur sem eru í framkvæmdum hafi fengið plöntur upp í væntingar en tæpast verður svo næstu 2-3 árin.

Árið 2011 voru gróðursettar 312 þúsund plöntur en í ár fór þessi tala niður í 203 þúsund og gera verður ráð fyrir að gróðursettar verði innan við 200 þúsund plöntur á ári næstu árin. Árin 2003-2005 var árleg gróðursetning um 350 þúsund plöntur (sjá graf 1).


Framlög til framkvæmda hjá skógarbændum eru eðli málsins samkvæmt í beinu samhengi við framkvæmdamagn og hafa því lækkað að sama skapi.

Árið 2011 námu bein framlög til skógarbænda á Vestfjörðum 25,6 milljónum. Þessi upphæð skiptist á 34 framkvæmdajarðir, eða liðlega 770 þús. kr. á skógarbýli að jafnaði.

Ekki er lokið öllum uppgjörum vegna framkvæmda liðandi árs en víst er að framlög lækka a.m.k. um þriðjung.



Nýr formaður: Á aðalfundi Félags skógarbænda á Vestfjörðum 2011 lét fráfarandi formaður félagsins Ásvaldur Magnússon bóndi í Tröð „veldis-dótakassa“ sinn af hendi til nýkjörins formanns Hallfríðar Sigurðardóttur skógarbónda á Svanshóli í Bjarnarfirði.



Graf 1 sýnir árlega gróðursetningu skógarbænda á Vestfjörðum fram til þessa dags og spá um þróunina næstu ár. Nú stendur yfir útboð á plöntuframleiðslu vegna árunna 2014 til 2016.

Skjólskógum er ekki heimilt að gera áætlun um auknar framkvæmdir umfram það sem fjárlög yfirstandandi árs rúma. Til að áætla aukningu eða vöxt, eða rekstur til lengri tíma en eins árs, þarf uppkálfirð Fjármála- og efnahagsráðuneytis.

En nóg af svartnætti. Skjólskógar stefna að því að bæta við starfsfólki strax á nýju ári og efla með því og treysta faglegt starf. Fjárhagur verkefnisins verður rýmri á næsta ári þar sem nú hefur verið unnið á fjárhagsvandradæðum 2008-2012 sem að stærstum hluta stöfuðu af því að Skjólskógar höfðu nýlokið gerð „metnaðarfullra“ plöntukaupasamninga til þriggja ára þegar niðurskurðarhnífurinn blikaði á lofti árið 2009.

Skjólskógar hyggjast leggja aukna áherslu á:

1. Ítarlegar úttektir – mælingar á árangri – lifun – vöxtur – gæði framkvæmda.
2. Fræðsla – kennsla – þjálfun skógarbænda.
3. Kynning á möguleikum og árangri í skógrækt á Vestfjörðum.
4. Sérstök rannsóknarverkefni, m.a. skipulagning og uppsetning kvæmatilrauna og rannsókn á mögulegri akurræktun fljótsprottinna tegunda til framleiðslu á kurl til orkuvinnslu (verkefnið er hafið í samstarfi við Orkubú Vestfjarða).

Árið 2012 var að veðurfari ágætis skógræktarár á Vestfjörðum, ekkert alvarlegt vorhret og hitastig þokkalegt allt fram í lok október. Þurrkar voru að venju frá maílokum og fram í júlí og sums staðar þrælslegir og viðbúið að tjón hafi orðið á einhverjum nýgróðursetningum. Framkvæmdir gengu mjög vel þetta árið og var gróðursetningu að mestu lokið um mánaðamót júní/júlí.

Félag skógarbænda á Vestfjörðum gekkst í samstarfi við Skjólskóga fyrir skógaröngum skógarbænda og annarra áhugasamra um nýskóga á nokkrum jörðum síðastliðið vor. Tilgangurinn var að gefa skógarbændum kost á að kíkja fyrirhafnarlitið á framkvæmdir hjá nágrönnum, skoða og bera saman árangur og ræða málín. Þetta voru stuttar göngur svo sem flestir gætu skotist frá öðrum verkum, gangan sjálf ekki nema rúm klukkustund og svo sötraður kaffisopi



Lilja Magnúsdóttir: Nýskipaður formaður stjórnar Skjólsskóga á Vestfjörðum Lilja Magnúsdóttir skógræðingur og skógarbóndi á Kvígindisfelli í Tálknafirði mælir hæð og dágóðan árssprota sitkagrenis í ungskógi sínum á Kvígindisfelli.



Skógarganga: Nokkrir þátttakendur í skógargöngu sl. vor að gaumgæfa 9 ára gamalt greni í Tröð í Önundarfirði.

hjá gestgjafa. Þrjár jarðir voru heimsóttar undir þessum formerkjum; Sandnes í Steingrímsfirði, Mýrartunga II í Reykhólasveit og Tröð í Önundarfirði. Þátttakendur (42 talsins) voru mjög ánægðir með þetta uppátæki og enginn vafi á að fyrir mörgum lukust upp ný sannindi um möguleika og árangur í skógrækt á Vestfjörðum síðastliðinn áratug eða svo. Að ekki sé nú talað um gagnið sem menn höfðu af því að ræða við starfsbræður og nággranna um öll óyfirstíganlegu vandamálin sem hafa verið yfirstigin á hverjum stað.

Þessum heimsóknum verður fram haldið næsta vor enda einkar gott tækifæri til að hittast og ráða ráðum.

Undirritaður vill nota tækifærið til að þakka LSE og öllum fundargestum ánægjulegan og fræðandi aðalfund á Ísafirði 5.-6. október síðastliðinn.

Trjáfelling og grisjun með keðjusög

Í haust var haldið árlegt þriggja daga námskeið í trjáfellingum á Hallormsstað á vegum Endurmenntunar LbhÍ, Héraðs- og Austurlandsskóga og Skógræktarinnar. Á námskeiðinu var farið í gegnum öryggismál og þær hættur sem ber að varast við trjáfellingar. Einnig lærðu nemendur hvernig standa eigi að umhirðu og meðhöndlun keðjusaga. Á námskeiðinu var kennt hvernig eigi að standa að grisjun skóga og hvernig tré eru valin til grisjunar. Í tvo daga var verið í grisjunarvinnu á Buðlungavöllum, þar sem menn þjálfuðust upp í réttum vinnubrögðum. Kennari var Björgvin Eggertsson skógræðingur við LbhÍ.

Ráðgert er að halda sambærilegt námskeið að sama tíma að ári á Hallormsstað og trjáfellingarnámskeið hjá LbhÍ á Reykjum í janúar 2013.



BE Á myndinni má sjá nemendur af námskeiðinu.

Stofnun Félags skógarbænda á Héraði 3. maí 1988

Edda Björnsdóttir á Miðhúsum segir frá

Undirbúningur að stofnun félags skógarbænda hér á Héraði 1988 var nokkur, því hér voru miklir erfiðleikar í landbúnaði samfara allsherjar niðurskurði sauðfjár vegna riðu. Það hafði komið til tals á ráðstefnu um atvinnumál á Héraði að eitthvað yrði að gera í mál-



Hákon Aðalsteinsson í Viðivallaskógi (ljósmynd: Helgi Gíslason).

efnum landbúnaðarins ef ekki ætti illa að fara því menn urðu að vera fjárlausir í tvö til þrjú ár. Við sem höfðum komið nálægt skógrækt á þessum tíma og höfðum séð hvað lerkíð dafnaði vel á þeim jörðum sem höfðu tekið þátt í Fljótsdalsáætlun, höfðum hugmyndir um að ef til vill væri þarna sóknarfæri. Upp úr þessu fæddist sú hugmynd að fá ríkið til að leggja okkur lið í þessum erfiðleikum og byggja hér upp auðlind sem við vissum að gæti staðið undir sér er fram liðu stundir. Þetta var nú ekki þrautalaus ganga fyrir alls konar embættismenn

og þingmenn sem á endanum lögðu fram lögin um Héraðsskóga. Þau voru svo samþykkt að mig minnir í mars 1991.

HVER VORU MARKMIÐ OG TILGANGUR HÉRAÐSSKÓGA?

Tilgangurinn með stofnun Héraðsskóga var fyrst og fremst ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði líkt og eru víðast hvar í löndunum í kringum okkur þótt þeir sé byggðir á allt öðrum grunni. Einnig að sinna umhirðu þess skóglendis sem fyrir var og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði. Hér voru aðeins örfáir birkiskógar og svo ræktaðir skógar sem nokkrir „sérvitringar“



Í Viðivallaskógi 1995 (ljósmynd: Skúli Björn Gunnarsson).

höfðu plantað í óþökk margra. Það er mikil guðs gjöf að til er fólk sem ekki fer troðnar slóðir og lætur ekki almannaróm draga úr sér kjarkinn. Það er þó ekki svo að það hafi ekki verið neinir hnökrar á þessu verkefni en menn tókust bara á við þá og leystu þann vanda sem upp kom hverju sinni. Sem dæmi um það var plöntuframleiðslan sem varð að vera til staðar svo þetta verkefni gæti orðið að veruleika.

Það er fyrst núna rúmum 20 árum síðar sem árangur af nytjaskógrækt er að verða sýnilegur og það verða að líða 10 til 15 ár í viðbót þar til menn sjá „alvöru“ bolvið verða til, en það er það sem kemur upp í huga flestra þegar talað er um nytjaskógrækt.

Þegar Héraðsskógar voru búnir að starfa í sjö ár voru Suðurlands-skógar stofnaðir og síðan komu landshlutabundnu skógræktar-



Á Viðivöllum ytri II við stauravinnslu vorið 1990.

verkefnin í hverjum fjórðungi. Þá var orðinn til öflugur félagskjarni skógarbænda í hverjum landshluta sem varð til þess að Landsamtök skógar eigenda voru stofnuð hér austur á Hallormsstað 28. júní 1997. Það er mikilvægt í svona verkefnum sem unnin eru í grásrótinni að félagslegi þátturinn verði ekki útundan. Það er alveg sama hvað allri tækni fleygir fram að maður verður alltaf manns gaman og það hafa skógarbændur svo sannarlega nýtt sér.

Landssamtökin hafa verið hægt og bitandi að vinna sér sess þó svo okkur sem höfum verið í forystu hafi fundist það ganga alltof hægt. Það hefur verið mjög erfitt að fá embættismenn sem hafa haft með okkar hagsmunamál að gera til að hlusta á okkar sjónarmið og hafa okkur með í ráðum þegar vélað er um okkar mál í kerfinu. Já, það væri margt öðruvísi ef sniglarnir hefðu ekki skriðið inn í allt stjórnkerfið. Landssamtökin hafa verið með mörg járn í eldinum síðustu ár og það er orðið mjög brýnt að við getum haft starfsmann í fullri vinnu allt árið. Það er liðin tíð að hægt sé að vinna allt í sjálfböðavinnu. Það eru mörg krefjandi og spennandi verkefni sem eru í farvatninu hjá samtökunum og aðildarfélögin verða að standa vel við bakið á okkur. Stærstu málin nú eru að fá stjórnvöld til að auka fjárframlög til skógræktar og að fá viðurkenningu þeirra á



Plöntukljíberi í Brekkugerði 1994 (ljósmynd: Sigrún E. Ólafsdóttir).

eign skógareigenda á kolefnisbindingu. Þá höfum við hafið þátttöku í stóru þriggja landa verkefni sem nefnist „Kraftmeiri skógur“ og hvet ég alla félagsmenn til að nýta sér til hins ítrasta þau tækifæri sem þar gefast.

Nú eru fyrstu skógarnir innan verkefnanna að verða nógu gamlir til að grisjun bolviðar verði að veruleika og þá opnast mikil tækifæri fyrir okkur að selja verðmeiri afurðir og jafnvel að fullvinna vörur úr okkar eigin skógi.

Það hefur náðst mikill árangur um allt land í gróðursetningu og ræktun en fyrir alla muni verið minnug þess að sá ferill tekur minnst 20 - 40 ár. Það er ekki hægt að ætlast til að 10 - 15 ára gróðursetningar skili miklum verðmætum í timbri. Uppbygging skógarauðlindar tekur nær heilan mannsaldur og við sem störfum í þessari grein núna erum frumkvöðlarnir og verðum að hafa þolinmæðina að leiðarljósi. En það er samt svo skemmtilegt hvað margir hafa hugmyndir að annars konar úrvinnslu en timbri sem gefur lífinu lit í þeim samfélögum þar sem skógrækt er stunduð. Af mikilli reynslu minni af skógarbændum um allt land veit ég að það er mikill vilji til að skógræktin takist sem best til og skili komandi kynslóðum miklu skjólbetra, grösugra, og fegurra landi.





Bilaverkstæði Austurlands

Bilaverkstæði • Bílasala

Dekkjaverkstæði




Miðási 2 - 700 Egilsstöðum

S. 470-5070 / www.bva.is

Beinn sími á bílasölu 470-5073

Jólagjöf sem hentar öllum



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að gefa réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og viðtakandinn velur gjöfina. Gjafakortið fæst í næsta útibúi.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Almenn prentþjónusta

Grafísk hönnun

Pappírssala

Ráðgjöf

DAGSKRÁIN
Á AUSTURLANDI


HÉRADSPRENT

Miðvangi 1, 700 Egilsstaðir
Sími 471 1449
Netfang: print@heradsprent.is
www.heradsprent.is

ÞÚ VELUR FJÁRHÆÐINA

þiggjandinn velur gjöfina

Finnur þú ekki réttu gjöfina? Gjafakort Arion banka er hægt að nota við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Einfaldara getur það ekki verið.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka.



 Arion banki

„Skógrækt er mannrækt“

Skógarbýlið Innra-Leiti
Suðurlandsskógar

